

B

Nr. VII Lagt fram í Sakadómi

Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

XVII

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 1001-1318 (1364)

II

B Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 1001-1318 (1364)

Rannsóknarnefnd

Reykjavík, 11.3.76.

ReykjavíkAthugasemd:

I dag áttum við Eggerz sendiherra samtal við Erlu Bolladóttur í fangelsinu.

Erla kvartaði í fyrstu undan því, að hún hefði hingað til ekki átt tækifæri á því að sjá barn sitt. Við síðustu yfirheyrslu, þá hafi dómarinn, sem yfirheyrði hana, sagt, að fyrr en hún hefði talað við herra Schütz, þá fengi hún ekki að sjá barn sitt.

Æðspurð sagðist Erla að vísu hafa lögfræðing, en hann hafi hingað til aðeins einu sinni rétt við hana. Það hafi verið í júní 1976. Hún væri þeirrar skoðunar, að hann hafi viljað sýna, að hann væri á lífi.

Henni var álasað fyrir, að hafa áður fyrr komið með fjölmarga framburði, sem hún hefði svo síðar breytt eða tekið aftur. Enginn gæti ~~xix~~ vitað, hvenær og hvort hún segði satt eða hvort hún kæmi af ásettu ráði með rangan framburð. Hún var hvött til að hugsa ^{Sig}vandlega um, hvort hún gæti gegnum eitthvert spor eða týndan hlut eða einhverja sannanlega fullyrðingu komið með sönnun fyrir því, að hún væri nú reiðubúinn til að skýra rétt frá.

Erla lagði oft áherzlu á, að hún reyndi að segja sannleikann. Þegar hún áður fyrr hefði sagt eitthvað rangt eða ósatt, þá væri það vegna þess, að hún hefði halddið, að þar með myndi allt ganga mun fljótar fyrir sig, sérstaklega að hún gæti þá farið heim. Henni var oftlega sýnt fram á þessa gróflegu mótsögn. Erla virtist skilja þessa mótsögn: Hún lagði sífellt áherzlu á, að það væri fastur vilji hennar, að segja nú einungis sannleikann.

Meðan á samtalini stóð, þá var komið inn á förina til Keflavíkur. Þegar fast var lagt að henni með spurningu, hvort hún gæti nefnt sönnunargagn, sem möguleiki væri á að finna, sagði hún skyndilega, að rauða kápan sín, sem hún hefði týnt í Keflavík þann 19.11.74 væri í eigu Bjarna. Hann hefði ekið fólksbílnum til Keflavíkur í þetta skipti.

Hun hefði verið farþegi ásamt Sævari og Kristjáni. Það væri ekki rétt, sem hún hefði áður sagt, að Magnús Leópoldsson hefði ekið bílnum.

Hún sagðist þekkja Bjarna persónulega. Hún myndi nákvæmlega eftir því, að hann hefði ekið fólksbílnum. Hún hafi þekkt hann án nokkurra erfiðleika. Sævar hefði þá fundið kápuna hennar og látið Bjarna fá hana, það hefði Sævar sagt henni. Þetta hefði hún sagt Viðari, embættismanni, þegar hann hefði yfirheyrta hana fyrir nokkrum dögum.

Bjarni hafi þekkt Sigurð Hákonarson. Sá síðarnefndi hafi átt hlut af því áfengi, sem var sótt 19.11.74 í Keflavík.

Erla skýrði einnig frá því, að Bjarni og Sævar hefðu talað í fólksbifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur um einhvern mann, sem þyrfti að fjarlægja. Það hefði verið ákveðið. Þegar Erla sagði þetta, var hún margoft hvött til að segja sannleikann. Hún hélt sér við það, að samtalið hefði átt sér stað á milli Bjarna og Sævars.

Aðspurð að samböndum og samskiptum Sævars í Kaupmannahöfn, sagði hún meðal annars.:

Sævar þekkti þar vel mann að nafni Hinrik Jón Þórisson. Þeir hafi farið saman til Amsterdam til þess að kaupa eiturlýf, Sævar hafi eftir því sem henni væri kunnugt um śmygglað eiturlýfum til Íslands, með því að fela þau í filmspólum.

Sævar hafi kallt sítur spurt, hvort Hann væri með, þegar sambíðarði því, þá hafi Sævar sagt ófornum kona stund og fljótt.

Sævar hafi berið á fólksbifreið og hafi ekki inn á Tæknipliginn, að meði unda götunnar. Þeir stórvulu negra meðil á götunni. Úlum, megin hafi þá staðið sandficerðabifreið. Það hafi verið sú gott, en kann hafi best á sín. Hann hafi ekki tekið oftir því að vegginn hafi verið óvinnudur að aftan, sem geti hað orðenkt af skotinum. Hann hafi snúið í átt að sjónum. Hann hafði ófornum kona að vinstrí blið fayarekisins og hafi vakti aðal með, að allar dyr hafi verið á bak við dyr óvinnahnaðar. Þáð dýnar hafi staðið opinar. Í vorugeyslunni hafi verið nokkrir með, sem hann hafi ekki þekkt. Hann hafi þá tekið eftir því, að eins þeirra hafi lagt sig fram um, að fela sig fyrir honum.

Rannsóknarnefnd

Reykjavík 6.9.76.

ReykjavíkAthugasemd:

Í dag var farið með Kristján Viðar Viðarsson í fólksbíl að Vatnsstíg, til þess að skýra þar frá því, hvað hann vissi um Undirbúning ferðarinnar til Keflavíkur í nóv. 1974 (19.11).

- Viðstaddir voru: a) undirritaður
 b) rannsóknarlöggreglumaðurinn Haraldur Árnason
 c) Eggerz ~~sásherra sendih.~~

Kristján sagði meðal annars.:

Sævar hafi hringt í hann ~~á þessum~~ degi um fjögur leytið.. Hann hafi spurt, hvort hann væri reiðubúinn að taka þátt í áfengismáli. Það væri heilmikinn pening upp úr því að hafa. Um þetta leyti hafí Páll Þormar Konráðsson, vinur sinn, verið hjá sér. Hann, Kristján, hafi spurt Sævar, hvort Páll gæti komið með. Þessu hafi S. neitað.

K. sagðist þá hafa sagt, að hann tæki ekki þátt í þessu. Sævar svaraði: "ég hringi enn einu sinni í þig, hugsaðu um það." Palli hafi sagt við ^{Sig} ~~HANN~~ (K) eftir símtalið, að hann skyldi taka þátt í þessu, það gæfi af sér peninga.

Um kl. 20:00 eða eitthvað seinna, þá hafi Sævar hringt í annað sinn. Palli hafi þá tekið upp tólið og rétt sér (K) það. Sævar hafi aftur spurt, hvort hann kæmi með, þegar hann játaði því, þá hafí Sævar sagt sér að koma strax og fljótt.

Sævar hafi komið á fólksbifreið og hafi ekið inn á Vatnsstíginn, að neðri enda götunnar. Þeir stöðvuðu hægra megin á götunni. Hinum megin hafi þá staðið sendiferðabifreið. Það hafi verið sú gerð, sem hann hafi bent á 4.9.76. Hann hafi ekki tekið eftir því að vagninn hafi verið skemmdur að aftan, sem gæti hafí orsakast af skothöggvi. Vagninn hafi snúið í átt að sjónum. Hann (Kristján) hafi gengið að vinstri hlið farartækisins og hafi tekið eftir því, að aðrar dyr hafi verið á bak við dyr ökumannsins. Báðar dyrnar hafi staðið oppnar. Í vörugeymslunni hafí verið nokkrir menn, sem hann hafi ekki þekkt. Hann hafi þó tekið eftir því, að einn þeirra hafi lagt sig fram um, að fela sig fyrir honum.

Hann taldi, að hér væri um að ræða Mann, sem sér hafi fundist líkur manni, sem hafi verið með sér á togaranum Von í nóv/des. 1971. Nafn hans væri Guðmundur Biaugisson (Birgisson?),

Þeir hafi síðan farið til Keflavíkur. Sendiferðabíllinn hafi verið á undan á meðan á ökuferðinni stóð. Hann hafi þegar verið kominn til Keflavíkur, þegar hann Sævar, Erla og hinn ókunnugi ökumaður fólksbílsins hafi komið að dráttarbrautinni. Hann sagðist ekki þekkja Magnús Leópoldsson og gæti þess vegna ekki sagt, að hann hafi ekið farartækinu. Ökumaður fólksbifreiðarinnar hafi þó litið **sa** út eins og útlendingur.

Hann hafi ekki þekkt tegund farartækisins, sem hann hafi ekið í. Það hafi samt að sínu mati ekki verið neitt sérstaklega stórt. Svipað og Ford Cortina. Bifreiðin hafi verið raað að lit. Það muni hann vel. Bifreiðin hafi ekki haft ~~xáx~~ ~~ráktan~~ lóðréttan hraðamæli.

Hann sagðist nú mund vel eftir því, eftir að hann hafi
hugsað vel um það síðastliðna nótt, að Sævar hafi stöðvað
bifreiðina í Keflavík fyrir framan kaffihús, sem sé
frekar nokkurs konar veitingastofa, ~~þó~~^{bar sem} sjómenn og annað
fólk, sem vinnur mjög snemma. hafi fengið **Kaffi**.

Sævar hafi beðið hann, að hringja í sér ókunnugan mann úr þessari kaffistofu. Hann hafi sagt sér númerið, sem hann (K) hafi ekki getað munað. Sævar hafi þá skrifat það á miða.

Hann hafi líka sagt sér nafnið á manninum, en það hafi verið mjög erfitt, og einnig óvenjulegt. Þegar hann hugsi sig betur um, þá gæti það verið, að nafnið hafi verið Geirfinnur.

Sævar hafi sagt sér, að segja aðeins nokkur ákv. orð, þá myndi maðurinn skilja það undir eins.

Bvi næst átti hann að leggja strax á. Hann hafi síðan farið inn í kaffihúsi og spurt konu, sem var þar, hvort að slikt nafn væri til.

Hann ~~æ~~ muni ekki lengur, hvort hann hafi borgað fyrir símtalið.

Það gæti samt verið, að hann hafi borgað fyrir það. Hann hafi hringt og sagt það sem honum var skipað að segja.

Maðurinn hafi sagt til sín. Hvað maðurinn hafi sagt við sig, muni hann ekki lengur.

Einnig muni hann ekki, hvað hann hafi sagt við mann (það, sem

Sævar hafi sagt sér að segja). Einnig sé hann búinn að gleyma símanúmerinu. Hvað hafi orðið af miðanum í milltíðinni, geti hann ekki sagt. Hann sagðist vera búinn að selja leðurjakkann, sem hann hafi verið í við þetta tækifæri. Einn ættingi hans, sem um það leyti sat inni, hafi fengið buxurnar, sem hann hafi verið í þetta kvöld.

Atburðir við dráttarbrautina í Keflavík:

Kristján sagðist vera þeirrar skoðunar, að trilla hafi verið í nágrenninu, þó smáspöl frá hafnarbakkanum.

Pegar hann hafi komið þangað, þá hafi Erla orðið eftir í bílnum, af því að Sævar hafi viljað það. Þeir Sævar og einnig ókunni ökumaðurinn hafi farið út úr bílnum.

Þá hafi komið til þeirra maður, sem hafi: ~~þ~~
~~þ~~
~~þ~~ litið út eins og útlendingur. Þetta hafi verið sami maðurinn og sá, sem hann hafi séð við sendiferðabílinn í Reykjavík. Hann hafi spurt ~~h~~^{sig} og Sævar, hvor þeir væru sjómenn. Hann (K) hafi játað því, en Sævar hafi þagað. Hann hafi skilið spurninguna þannig, að hann ætti að fara á trilluna. Á meðan hafi líttl maður með breiðar axlir birzt. Hann (þessi maður) hafi blandað sér í málin. Þeir (Sævar, útlendingurinn, sá með breiðu axlirnar og Kristján) hefðu á því augnablik staðið við efri endann á hafnarbakkanum. Sá með breiðu axlirnar hefði sagt, að það væru þegar komnir nægir sjómenn, ef til of margir. Hann sagðist ekki geta munað, hvort Sævar hefði farið um borð. ~~H~~ Sér hefði síðan verið skipað að fara uppeftir. Þar ætti hann að biða þangað til hans væri þörf. Hann hafi staðið við hliðina á skipi, sem hafi staðið á burru. Lítli maðurinn með breiðu axlirnar hafi annars verið í gulri sjómannaúlpu~~s~~-kápu.

Hann hafi ekki tekið eftir því, hvort bardagi hafi átt sér stað ~~á~~ í dráttarbrautinni nálægt honum.

Það gæti hafa gerzt á bak við skip það, sem hann stóð við. Hann hafi sem sagt ekki getað séð það. Þegar hann var spurður að því, hvort hann hafi ekki heyrt neitt slikt, þá útskýrði hann, að hefði farið uppeftir, til að leita að Sævari.

Eftir að hann kom til baka, þá hafi hann séð mann liggja á

jörðinni. Þrír menn, klæddir líkt og sjómenn, hefðu staðið þar hjá. Þeir hefðu staðið bognir. Þrír aðrir sjómenn hefðu komið hlaupandi upp frá hafnarbakkanum. Hann hafi spurt að því, hvað um væri að vera. Einn maðurinn svaraði því þá til, að honum kæmi það ekkert við. Hann hafi næstum lent í rifrildi við einn af þeim sjómönnum, sem komu hlaupandi.

Þegar hann var spurður að því, hvert farið hefði verið að lokum með manninum, sem lá á jörðinni, gat K. ekki svarað því. Það var hins vegar greinilegt, að þegar spurt var um þetta, þá var hann ekki einungis taugastyrkur, heldur ekki einnig dálitið árásargjarn.. Hann war gripinn undarlegum æsingi.

Þegar honum var borið á brýn, að við fyrri vitnaleiðslur, þá hefði hann talað um, að maður í plastikumbúðum hefði verið lagður í sendiferðabifreiðina, svaraði hann því til, að þetta hefði hann sagt, af því að menn með barefli hefðu komið inn í klefann til sín. Aðspurður, sagði hann þetta hafa verið fangaverði. Verðirnir hefðu umfram allt viljað fá át úr honum, að hafi hlotið að þekkja Magnús Leópoldsson, þar sem hann hafi oftlega verið í Klúbbnum. Verðirnir hefðu samt sem áður ekki slegið hann.

Við frekari spurningar:

Hann gæti ekki sagt til um, hað orði hefði af manninum, sem lá á jörðinni. Ekki vissi hann heldur, hvort Sævar hefði farið með í bátsferð.

Hann hafi að lokum farið aftur með sömu fólksbifreið til Reykjavíkur. Sömu manneskjur hafi verið í bílnum og á leiðinni til Keflavíkur, þó ekki Erla.

Hann hafi verið mjög reiður út í Sævar, af því að hann hafi enga peninga ^{fengið} fyrir allt saman. Hann hafi ekki getað skammað hina mennina neitt, þar sem hann hafi jú ~~ékk~~ næstum ekkert gert. Hann hafi viljað gera út um málin við Sævar á heimleiðinni. Hann hafi skuldað Sævari 60.000,- kr. og teldi að mann hefði nú greitt þessa skuld. (með þessu).

Hann sagðist ekki geta munað, hvort hann hafi sagt Sævari þetta á heimleiðinni eða ekki.

Honum hafi við komuna til Reykjavíkur verið ekið að leigu bíl og hann hafi haldið heimferðinni áfram í leigubíl. Ekki

sagðist hann vita, hvert Sævar hafi farið.

Ofanskráðar útskýringar hins ásakaða Kristjáns eru árangur mjög langa og tregs samtals. Hinn ákærði ~~hafi~~ svaraði mörgum spurningum, sem í þessari athugasemd hafa ekki verið skrifaðar niður, að hann muni ekki meira. Hann segist hafa gert sér far um að segja sannleikann. Á mörgum sviðum viti ~~hann~~ hreinlega sagt engin smáatriði lengur.

Tilvísun: Ólafur Ólafsson, 12.9.76.

Hjálpt með ógildum ósíðum höfuðum sá heimskráður skrifstofarhófnum til umhverfis Þinghalls.

Við Gunnari Ægissyni

og Gunnar Guðmundssyni

með þeim að hafa ósíðum.

1) Málaveitir:

Viðauki við athugasemd frá 6.9.76.

Aðspurður sagði Kristján Viðar Viðarsson, að Sævar hefði auk Erlu Bolladóttur átt ýmsar aðrar vinkonur.

Hann kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega til um, hvenær hann hefði átt hverja. Eftir því sem hann mundi ~~vara~~ ^{bar} á meðal ~~annaks~~ eftirtaldar manneskjur:

Helga Gísladóttir,

Hulda Vadel, Valdimarsdóttir,

Magnea Mattiasdóttir,

Sigriður Gísladóttir (móðir hennar býr á Kleppsveg).

Þar að auki skýrði Kristján frá því, að Sævar hafi verið tíður gestur hjá Gunnari Ægissyni, Brekkustíg 7. Sá maður ~~hafi~~ að sínu álti eiturlyfjasali.

b) Þí er ósíður, hefður heitifanir fólk, sem nefnast
við fólkstytju- og fólkstytju. Þó að ósíðum
þar gefi verið sú líma um ósíðum, síði
var myctur síðar og síðinty un um ósíðum. Þó
fylgjat hefur hafi ósíðum ósíðum.

Reykjavík, 13. 8.76.

An

Bundeskriminalamt -Glæpatæknideild,
 Hr.Lt.Direktor Dr. Driessen,
 Wiesbaden.

Varðandi: Morðmál Guðmundar og Geirfinns Einarssonar.
 Tilvísun: Símtal við dr. Driesen 13.8.76.

Hjálagt sendi ég gestabók ásamt nokkrum ~~útskriftarsýn~~
 skriftarsýnishornum til samanburðar:

frá Geirfinni Einarssyni
 og Einari Bollasyni

með beiðni um rannsókn.

1) Málavextir:

Í afskekktu héraði á norðurhluta Íslands komust menn fyrir nokkrum dögum á áhugavert spor Geirfinns Einarssonar, sem myrtur var í nóvember 1974. Af tilvilijun uppgötvaðist í gestabók afskekkts gististaðar innritunin:

"Geirfinnur Einarsson, Keflavík
 Einar Bollason, Reykjavík
 Við þökkum ágæta fyrirgreiðslu".

Innritunin var gerð undir dagsetningunni 17.3.73.

Það er mjög þýðingarmikið að komast að því hvort Geirfinnur Einarsson dvaldi þarna í raun og veru ásamt Einari Bollasyni, af því að:

- Einar Bollason hefur fram að þessu staðfastlega þrætt fyrir að hafa þekkt Geirfinn Einarsson.
- Ef svo er, hefur Geirfinnur Einarsson haft samband við fíknilyfja- og áfengissmyglara á þessu svæði. Þar gæti verið að finna orsökina að því að hann var myrtur síðar og einnig er ekki útilokað að fylgdarmaður hans gæti hafa átt pátt í morðinu.

- 2) Það er "ófaglegt" álit hér að Geirfinnur Einarsson hafi sjálfur skrifað nafn sitt (sbr. skriftarsýnishorn) en Einar Bollason ekki skrifað sitt nafn (sjá skriftarsýnishorn).

Eftirfarandi spurningar hafa mikla þýðingu fyrir rannsóknina:

- a) Skrifaði Geirfinnur sjálfur
"Geirfinnur Einarsson Keflavík"?
- b) Skrifaði Einar Bollason sjálfur
"Einar Bollason, Reykjavík".
- c) Er hugsanlegt að Geirfinnur hafi skrifað
"Einar Bollason, Reykjavík"?
eða
að Einar Bollason hafi skrifað
"Geirfinnur Einarsson"?
- d) Er hægt að komast að því hver skrifaði
"Við þökkum ágæta fyrirgreiðslu".

Hér hefur farið fram ófagleg "ófagmannleg" skoðun á því hvort nokkur innritun í Gestabókinni gæti verið eftir þann eða þá sömu sem rituðu 17.8.73, ef til vill undir öðru nafni á öðrum stað, en án árangurs. Ef slik skoðun væri hægt að gera einnig, væri ég fyrir hönd Rannsóknardeildarinnar mjög þakklátur.

Er þar að auki hægt að komast að því hvenær (ef ~~þekk~~ um blekskrift er að ræða) innritanirnar fóru fram.

(Schütz)

P.S. · Æskað er eftir að gögnin verði endursend við tækifæri.

~~1307~~
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu
Bæjarfógetinn á Ísafirði

1205 - A

~~1307~~
Ísafirði, 24.08.

19 76

Ég sendi Sakadómi Reykjavíkur hér með endurrit úr sakadómsbók embættisins varðandi rannsókn vegna ritunar í gestabók í skólahúsinu að Finnbogastöðum í Arneshreppi, Strandasýslu.

Virðingafyllst.

Sund. K. Þorðarson

Til
Sakadóms Reykjavíkur.
c/o Örn Höskuldarson, fulltrúi.

ENDURANT

11 R

S A K A D Ο M S B Ο K

fyrir

bæjarfógetaembættið á Ísafirði

Meditation and music Og

89

syslumannsembættið í Ísafjarðarsýslu.

· Ár 1976, föstudaginn 20. ágúst kl. 20.30 er sakadómur

Ísafjarðar settur í heimavist Menntaskólans á Ísafirði og haldinn af Þorvarði K. Þorsteinssyni, bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið
rannsókn v/ritunar í
gestabók í skólahúsinu
að Finnbogastöðum í
Árneshreppi.

Mættur er sem vitni í réttinum Ólafur Valsson, f. 25.7. '59 í Reykjavík, nú til heimilis að Byggðavegi 118, Akureyri. Vitninu er kynnt vitnaskyldan og tilefni fyrirkallsins.

Mætti kveðst vera kunnugt um það að Hallgrímur Ingólfsson frá Akureyri hafi ritað í gestabókina á Finnbogastöðum nöfn þeirra Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar. Telur mætti að Hallgrímur hafi skrifað nöfnin framar í bókina heldur en nöfn þeirra gesta, sem heimsóttu staðinn um þetta leyti. Mætti telur að Hallgrímur hafi skrifað þetta í gáska og gáleysi, en eftir að hann hafi skrifað nöfnin hafi hann sýnt félögum sinum mætta Ólafi Valssyni og Ágústi Guðmundssyni úr Reykjavík. Mætti segir að engir fleiri hafi verið viðstaddir, þegar þetta var ritað í gestabókina. Mætti segir að hann hafi ekkert þekkt til þeirra Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar, nema hvað hann hafi talið sig vitað að Einar Bollason hafi verið kennari við gagnfræðaskóla Akureyrar. Mætti telur að Hallgrímur hafi ritað nöfnin í gestabókina í júlí mánuði 1976, en þeir félagar hafi gist nokkrar nætur í barnaskólanum á Finnbogastöðum.

Mætti kveðst ekki neyta ávana eða fíkniefna eða reykja hass og ekki heldur þekkja neina sem neyta súlikra efna.

Upplesið. Staðfest,

Ólafur Valsson,

Vék frá kl. 21.15.

Pá mætir í réttinum Ágúst Guðmundsson, fæddur 26.6. '60 í Reykjavík, nú til heimilis að Hjallavegi 18, Reykjavík. Vitninu er kynnt vitnaskyldan og tilefni fyrirkallsins.

Mætti segist ekki hafa séð til þess er nöfnin voru rituð í gestabókina, en segist hafa heyrt stuttu síðar ávaning af

nafnrituninni, er Hallgrímur og Ólafur voru að tala um það sín á milli.

Mætti segir að áritun Hallgríms í gestabókina hafi verið gerð á þeim stað, sem gestir hafi ritað nöfn sín árið 1973. Mætti segist ekki neyta fýkniefna né reykja hass og ekki þekkja neina, sem neyti slikra efna. Mætti segist ekki neitt hafa þekkt til Einars Bollasonar eða Geirfinns Einarssonar, né nokkurs þeirra, sem komið hafa við sögu mála þeirra. Mætti segist ekki hafa orðið var við að Hallgrímur Ingólfsson hafi haft undir höndum nokkur skjöl, þar sem hafi verið að finna eiginhandaskrift Einars Bollasonar eða Geirfinns Einarssonar. Mætti telur að Hallgrímur hafi ritað framangreinda áritun í gestabókina um það bil einni viku fyrir síðustu verzlunar-mannahelgi. Mætti segir að Ingólfur Árnason faðir Hallgríms hafi hringt til Ólafs Valssonar hingað á Eddu-hótelið, eftir að þeir voru ný komnir og sátu að kvöldverði og mun hann hafa tjáð Ólafi að þeir félagar mættu búast við að verða fyrir ónæði út af þessu máli.

Upplesið. Staðfest.

Ágúst Guðmundsson.

Vék frá kl. 21.45.

Þá mætir aftur í réttinum Ólafur Valsson og greinir svo frá að Ingólfur Árnason hafi hringt til sín nú í kvöld eftir að þeir voru nýkomnir á Eddu-hótelið á Ísafirði og sagt að þeir gætu átt von á því að verða fyrir ónæði útaf nafnritun Hallgríms í gestabókina. Mætti segist ekki hafa orðið þess var að Hallgrímur Ingólfsson hefði undir höndum nokkur skjöl þar sem væri að finna eignhaldaritun Geirfinns Einarssonar eða Einars Bollasonar. Mætti segir að Hallgrímur hafi verið flokkstjóri þeirra félaga við mælingar nú í summar, en hætt í starfi fyrir nokkrum dögum og horfið til náms í Noregi en nú sé tekinn við flokkstjórninni Gylfi Grímsson, fastur starfsmaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Upplesið. Staðfest.

Ólafur Valsson.

Vék frá kl. 22.00.

Þá mætir í réttinum Gylfi Grímsson, fæddur 30.5.1934
að Valdastöðum í Kjós, nú til heimilis að Grimsstöðum í Kjós.
Vitninu er kynnt vitnaskyldan og tilefni fyrirkallsins.

Mætti skyrir svo frá að Hallgrímur Ingólfsson, Ólafur Valsson og Ágúst Guðmundsson hafi unnið hjá Rafmagnsveitum ríkisins við mælingar undir hans stjórn, Hallgrímur frá árinu 1972, en hinir tveir hafi verið þar í fyrra sumar og nú aftur í sumar. Segist mætti ekki þekkja þessa ungu ^{menn} ~~en~~ að góðu einu og telji þá reglusama og dygga starfsmenn. Hallgrímur hafi verið flokkstjóri þeirra nú í sumar, þar til fyrir nokkrum dögum að hann hvarf til náms í Noregi. Mætti segist ekki hafa heyrt þá félaga Ólaf og Ágúst minnast neitt á þetta mál, sem er hér til meðferðar fyrr en nú í kvöld, er þeir voru komnir hingað til Ísafjarðar. Hafi mætti þá heyrt þá vera að ræða um það, að Hallgrímur hefði ritað nöfn þeirra Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar í gestabókina að Finnbogastöðum, en þeir hafi ekki neitt getið um það að hvaða tilefni Hallgrímur hafi ritað nöfnin í gestabókina. Kveðst mætti ekki vita til þess, að þeir félagar hafi þekkt Geirfinn Einarsson eða Einar Bollason, né haft undir höndum skjöl, sem hafi að geyma eigin-handarundirskriftir þeirra.

Upplesið. Staðfest.

Gylfi Grímsson.

Vék frá kl. 22.40.

Rétti slitið.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Vottar:

Gunnar Aðalsteinsson.

Rétt endurrit staðfestir,

Skrifstofu Ísafjarðar, 23. ágúst 1976.



Vilmundur Gylfason óskar að láta í té upplýsingar varðandi Geirfinnsmálið.

Vilmundur Gylfason kom til viðtals við Karl Schütz, Abteilungs-leiter a.D. kl. 14,00, þriðjudaginn 12. október 1976 og lauki því kl. 15,30.

Pessi ~~að~~triði komu fram í frásögn Vilmundar: Guðlaug Jónasdóttir sem starfar í Keflavík, Hafnarbúðinni hefur haft samband við Vilmund meðal annars vegna þess að hún telur að lögreglan hafi gefið nægilegan gaum þeim upplýsingum sem hún hefur. Hafði Vilmundur í huga að skrifa grein varðandi þetta mál í september. En nú hefði hann frétt að Schütz, Pétur og Ívar hefðu átt langt samtal við téða konu, og væri því fallin frá að skrifa um málið. Vilmundi er ljóst að Guðlaug er ekki mjög greind, og þurfti hann því að setja saman frásagnir hennar eins og púsluspil. Það gerði hann þegar hún kom til viðræðna á skrifstofu hans á Alþýðublaðinu 9. júlí 1976. Þetta eru aðalatriði frásagnar Guðlaugar:

1) Guðlaug telur sig þekkja hinn svokallað "Leirfinn" og hafa séð henn prisvar. Pessi maður heitir Edvard? og vinnur í Gufunesi. Í fyrsta sinn var hún stödd í búð og tók þá dóttir hennar eftir því að Edvard? skoðaði grandgæfilega bíl Guðlaugar og virtist kynna sér sérstaklega bílnúmerið. Í annað sinn sá hún hann á hestamóti á Rangárvöllum síðastliðið vor. Í þriðja lagi var hún stödd með bóna nokkrum frá Rangárvöllum í Reykjavík og sáu þau þá Edvard? og báru þeim kennsl á hann.

Guðlaug hefur lagt nokkra stund á hjúkrun þótt ekkert hafi hún prófið. Ferðamiðstöðin (eigandi Guðjón Styrkársson hrl) réði hana til hjúkrunarstarfa á Spáni um 6 vikna skeið og fékk hún auk kaups ferð til Spánar og heim að kostnigarlausu. Vilmundi finnst eftirtektarvert við þessa ráðningu þau kynni sem talin eru vera á milli Guðjóns Styrkárssonar og Sigurbjörns í Klúbbnum, Valdimars Olsen og Magnúsar Leopoldssonar.

2) Hinn ~~xx~~ 20. nóvember kl. 11,00 að ~~xx~~ morgni kom Sjöfn Traustadóttir til ¹⁴¹⁴ (Arnbjarnar) Arnbjarnar Ólafssonar læknis og bað hann að gefa út ~~xx~~ lyfseðil upp á róandi lyf handa

handa konu Geirfinns vegna þess að hún teldi að eitthvað hefði komið fyrir Geira. Vilmundi finnst þetta athy glisvert vegna þess að það var ekki fyr en seinni hluta dags þ. 20 nóv 1974 sem kona Geirfinns tilkynnti hvarf hans.

Heimild: Magnús Gíslason, Gerðum, sími 92-7136. Upplýsingar þessar létt Arnbjörn læknir honum í té.

3) Skömmu fyrir hvarf Geirfinns voru tvær stúlkur að leik nálægt Dráttarbrautinni í Keflavík. Þær tóku eftir aðkomumönnum sem voru þarna og gerðu sér það að leik að skrifa upp ~~xix~~ skráningar-númer á bifreiðum þeirra. Aðkomumenn brugðust reiðir við og flæmdu stúlkurnar í burtu. Stúlkurnar sem eru eða voru þá um það bil loðra hlupu hræddar heim til móður sinnar. Móðir þeirra Valgerður Helgadóttir (Vally) Tunguvegi 12 Keflavík tók bókina af dætrum sínum og sagði þeim að hætta þessum leik. Allir vissu að eitthvað óhreint væri að ske þarna við dráttarbrautina. Valgerður er gift öryrkja, sem Einar Hallgrímsson heitir. Frændi ~~xxxxx~~ Valgerðar, Hallgrímur Guðmundsson, sem er heimið Vilmundar hafði orð á því við hana að óhyggilegt hefði verið að eyðileggja bók þá sem stúlkurnar skráðu skrásetningarnúmerin á bílum hinna framandi manna í. Pessi bók kynni að geta hafa gefið veigamiklar upplýsingar í sambandi við Geirfinnsmálið. Valgerður svaraði því til að það væri óhyggilegt, ó blandast inn í þetta mál.

Heimild Vilmundar: Hallgrímur Guðmundsson (Student in political science, Manchester University). Hægt að hafa samband við hann í gegnum foreldra hans. Sími 2.28.89.

4) Taxabilstjóri skýrði Páli S. Pálssyni hrl. frá því að hann hefði keyrt drukkinn farþega sem hefði haft orð á því að hann vissi mikil um Geirfinnsmálið og þá sérstaklega um hver Leirfinnur væri.

reiknishaldarí

5) Fyrverandi ~~xxxxxxxxxx~~ Klúbbsins skýrði Jóni Birgi Péturssyni Dagblaðinu frá því að Geirfinnur hefði verið tíður gestur inn á skrifstofum Klúbbsins.

Önnur heimild: Magnús Gíslason, Gerðum, blaðamaður.

6. Halldór Halldórsson blaðamaður skrifaði í vor nokkrar greinar um Leirvogsmálið. Lögfræðingur sem að vísu ekki nýtur sérstakrar frægðar, Pétur Axel ~~Pékkur~~ Jónsson, skýrði frá því í símtali við Vísi að samband myndi vera á milli Leirvogsmálssins og Geirfinnsmálssins.

Viðstæddur samtal þeirra Vilmundar og Schütz var Pétur Eggerz sendiherra.

Reykjavík 12.10.1976

Pétur Eggerz.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Rvk. 15. okt. 1976.

Kl. 19:40, var mættur, að eigin ósk, til skýrslutöku í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4.1955, núverandi gæzlufangi.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40 gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Ég minnist þess nú, að þegar ég, Sævar Ciesielski, Erla Bolladóttir og bifreiðarstjórin vorum stödd við Hafnarbúðina í Keflavík að kvöldi 19. nóv. 1974, var ég beðinn um að hringja í Geirfinn. Ég man, að ég steig út úr bifreiðinniog ætlaði inn, en fór svo inn í bifreiðina aftur og sagðist ekki geta munað þetta nafn, né símanúmerið, því ég hélt, að verið væri að fíflast með mig. Sævar hvíslaði einhverju að bifreiðarstjóranum, sem skrifaði á miða nafnið Geirfinnur og eitthvað símanúmer sem ég man ekki lengur. Mér var afhentur miðinn og sagt, að þetta væri engin vitleysa og ég ætti að hringja í númerið og spurja eftir mannum. Mér var sagt, að þegar maðurinn kæmi í símann ætti ég að segja einhverja ákvena setningu, sem Sævar sagði mér og maðurinn mundi skilja. Ég man ekki setninguna, en mig minnir að í setningunni hafi verið orðin: "Við erum komnir". Ég fór þá inn í Hafnarbúðina og fékk þar lánaðan síma. Ég man ekki eftir afgreiðslustúlkunni þarna, en mig minnir að hún hafi ekki verið ung og ég er viss um, að hún var í bláum vinnusloppi. Ég hringdi í númerið sem stóð skrifað á miðanum, barn svaraði í símann og ég spurði eftir Geirfinni. Ég man að barnið kallaði "pabbi" og þá kom einhver maður í símann og ég sagði þessa fyrirfram ákveðnu setningu.

Eins og ég sagði hér að framan, man ég að orðin "við erum komnir" fléttalist inn í setninguna, en meira af henni get ég ekki munað. Ég man, að þegar ég hafði sagt "skilaboðin" sagði Geirfinnur: "Er Maggi staddur þarna?". Ég svaraði: "Það er enginn hérna, ég er hérna einn". Þá spurði Geirfinnur mig að nafni, en ég svaraði, að það skipti engu máli, ég hafi átt að segja þetta við hann og svo lagði ég símann á. Síðan fór ég aftur út í bifreiðina og sagði þá frá samtali okkar Geirfinns. Bifreiðarstjórin virtist hafa einhvern áhuga á þessu og sagði eitthvað þessu líkt: "Sagði hann þetta" Síðan fór bifreiðarstjórin út úr bifreiðinni og inn í Hafnarbúðina og mér finnst, að hann hafi farið að hringja út af þessum orðaskiptum okkar

Geirfinns. Æg tek það fram, að ég er ekki viss um nafnið Maggi í samtali okkar Geirfinns, en mig minnir það þó sterlega.

Það liðu aðeins örfáar mínútur, frá því að ég fór út úr Hafnarbúðinni, ~~King~~^{King} XXXX xpangað til bifreiðarstjórninn fór þar inn og var hann þar í c.a. 5-10 mínútur.

Æg hef það á tilfinningunni, að einhver hafi komið upp í bifreiðina þarna við Hafnarbúðina, eða nálægt henni og orðið okkur samferða að dráttarbrautinni. Mér finnst það hafa gerzt þannig, að eftir að bifreiðarstjórninn kom aftur í bifreiðina hafi hann fært bifreiðina og stoppað einhversstaðar í nágrenni Hafnarbúðarinnar. Eftir skamma bið, sagði bifreiðarstjórninn: "Parna kemur hann". Finnst mér þá, að maður hafi komið frá bifreið, sem var stöðvuð skammt þarna frá. Finnst mér, að maðurinn hafi stöðvað bifreið sína á einskonar malarplani og að það hafi verið pollar á því. Æg sá þetta ekki vel vegna myrkurs og einnig var ég undir áhrifum lyfja.


Fleiri atriði get ég ekki munað, utan það sem ég hefi áður sagt, varðandi ferð mína til Keflavíkur umrætt kvöld, en ég mun skýra frá þeim, jafnöðum og minni mitt skýrist. Skýrslutöku lauk kl. 23:40.

Upplesið, staðfest,

Kristján Viðar Viðarsson
Kristján Viðar Viðarsson.

Vottar:

Gunnar Hannesson.
Guðrún Steinsson


Haraldur Árnason
rannsóknarlögr.m.

Rannsóknarnefndin
Reykjavík

Reykjavík, 20.10.76.

1) Athugasemd:-

Sakborningurinn, Kristján V.V. óskaði eftir rannsóknarlöggreglumanni eftir hádegið í dag til yfirheyrslu.

Rúnar Sigurðsson, rannsóknarlöggreglumaður fór til K. og komst að því að hann óskaði eftir að bera eitthvað fram í Geirfinnsmálinu.

Í samtalinnu sagði K. að maður hefði dottið niður í Keflavík. En hann (Kristján) hafi ekki slegið hann.

Maðurinn hafi legið nálægt vatninu og aðrir menn hafi staðið hjá honum.

Rúnar, rannsóknarlöggreglumaður, fór síðan með Kristján á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, þar sem hann sagði frá eftirfarandi, efnislega og í samhengi; í viðurvist

Rúnars Sigurðssonar
Péturs Eggerz
og undirritaðs

" Þennan dag, gekk ég um dráttarbrautina í Keflavík og gekk upp á hæðina. Reiður maður gekk í áttina til mínn er ég stóð þarna uppi. Það var Geirfinnur. . Hann sagði við mig og var reiður: "Heldurðu að ég viti ekki hver þú ert? Þú ert bólvað fífl". Kanske var hann reiður við mig af því að ég gekk þarna upp. Hann gekk að mér frá hlið. Það leit út eins og Geirfinnur ætlaði að slá mig og þegar hann vatt sér til eins og hann ætlaði að slá, gekk hann lítið skref aftur á bak. Þá féll hann aftur fyrir sig. Ég sló hann ekki. Það er alveg satt, hann datt af sjálfu sér niður. Ég sá ekki hvort hann veltist í hring. (valt fram eða aftur yfir sig). Ég heyrði heldur ekki hvort hann æpti. Ég gekk síðan niður eftir í stórum

sjónum
boga. Hann lá þarna rétt við ~~vatnini~~, ~~þ~~^{eða} ekki langt frá sjónum vatninu. Hann gæti hafa verið blóðugur. Ég leit til hans, hann var meðvitundarlaus. Ég veit ekki hvort hann var dáinn. Þegar ég kom þarna að, voru 2 menn hjá honum. Það voru sjómenn. Ég þekkti þá ekki. Frá bryggjunni komi á þessu augnabliki 4 eða 5 aðrir menn í viðbót. Þá þekkti ég ekki heldur.

Hjá Geirfinni stóð einnig Guðjón Skaptason. Þeir fóru að rífast við mig. Sævar kom aftan að mér og greip í mig og sagði að ég skyldi fara. Ég fór þá með Sævari að bílnum okkar, sem stóð ofar.

Það getur verið að Geirfinnur hafi verið í síðri úlpu.

Geirfinnur hafði sest inn í bíl okkar í Keflavík.

Hann settist aftur í við hliðina á mér. Hinum megin við mig sat Erla.

Ég man eftir því núna að ég bauð Erlu pillu á leiðinni sem hún afþakkaði.

Aðspurður:

"Ég held ekki að Bjarni hafi verið með í þessari ferð, því ég þekki hann. Hann hefur ekki keyrt bílinn, því að ég talaði við ökumanninn og hefði þekkt ef hann hefði verið Bjarni. En kannski að hann hafi verið með. Ég man það ekki vel.

Ég held að Sævar segi kannski rétt frá ef ég tala við hann og segi honum að Geirfinnur hafi dottið niður af sjálfu sér."

Kristján var dálítið ástur þegar hann sagði frá. Hann talaði mjög hratt og beið oft ekki eftir að túlkurinn þýddi það sem hann sagði. Fyrst var framburður hans nokkuð samhengislaus og skýrðist fyrst þegar hann var spurður eftir einstökum smáatriðum. Þegar hann sagðist gjarnan vilja sýna staðinn

þar sem þetta skeði, en honum þætti gott ef hann gæti sýnt þetta allt í myrkri og myndi fara ~~kk.~~um kl. 19:00 til Keflavíkur.

K. var sagt að ganga nákvæmlega eins upp á hæðina og hann hefði gert kvöld hins 19.11.74.

Fyrst var hann handjárnaður við Rúnar rannsóknarlöggreglumann.

Kristján gekk fyrir ofan skipin sem stóðu í dráttarbrautinni í vesturátt niður lága brekku og þaðan upp á mjög bratta hæð í norðurátt sem var beint á móti.

Um það bil í miðri brekkunni tók hann eftir íbúðarhúsum sem stóðu þar. Hann sagði: "Þessi hús fara í taugarnar á mér."

K. nam að lokum staðar efst uppi á hæðinni. Augljóst var að hann ~~gat~~ annað hvort gat eða vildi ekki benda nákvæmlega á staðinn þar sem Geirfinnur á að hafa ráðist á hann.

Hann reyndi stöðugt að átta sig á sjávarmálinu, því að hann hélt að Geirfinnur hefði legið rétt hjá sjónum eftir að hann datt niður.

Að lokum gekk hann nokkurn spöl til baka og nam staðar í mjög brattri brekku á hæðinni. K. sagði að það gæti hafa verið þessi staður.

Að svo miklu leyti sem hægt var að átta sig þarna í myrkrinu er það hugsanlegt að maður sem fellur niður af þessum stað geti hlotið alvarleg meiðsli.

Vettvangsskoðun lauk að svo búnu.

Schütz APr.a.D. (sign.)

Viðauki:

Kristján var margsinnis spurður að því hvort hann gæti sagt frá því hvert Geirfinnur hefði verið fluttur eftir pennan atburð. Hann endurtók ~~hvað~~ eftir annað að hann gæti ekki munað það.

(Schütz)

Rannsóknarnefndin
Reykjavík

Reykjavík, 21.10.76

Athugasemd:

Rúnar rannsóknarlöggreglumaður spurðist fyrir í morgun hjá viðkomandi stofnun fyrir loftslag og flóð og fjöru (sennilega Veðurstofu Íslands) og fékk eftirfarandi staðfest:

Kvöldi hins 20.10 1976 var fjara. Háfjara var um kl. 22.25.

Vettvangskoðun fór fram á tímanum milli kl. 20:00 og 20:45.

Schütz APr.a.D. (sign.)

Laugardagskvöldið 6. nóv. 1976 hafði samband við undirritaðan Gunnar Guðmundsson yfirfangav. Í fangelsinu í Síðumúla og kvað Sævar M. Ciselski óska eftir að hafa samband við mig og gefa upplýsingar í "Geirfinnsmálínú"

I s amráði við Örn Höskuldsson fulltr. fór ég og talaði við Sævar. Hann kvaðst vilja gefa upplýsingar um hver væri "spíra-flutningabáturinn" í Keflavík.

Hann gaf eftirfarandi upplýsingar: "Ásgeir Ebeneserson veit hver bátur þessi er. Hann sagði mér að þeir sem væru með bátinn væru þeir sömu sem stolið hefðu laxinum ur eldisstöðinni í Hafnar-ósunum. Þeir hefðu komið á bátnum inn í ósinn og dregið kerið ~~en~~ eitthvað út og tekið laxinn úr því og sleppt því svo. Laxinn hefði síðan verið soldur í ýmsar verslanir. Ággeir mun gefa þetta upp ef hann heldur að hér sé aðeins verið að leita upplýsingar um laxaþjófnaðinn, en ekki hass eða spíra. (þ.e. Geiri frændi)

Undirr. spurði sérstaklega hvort hann hefði einhverjar upplýsingar um Guðjón Skarphéðinsson þar sem hægt væri að sanna á hann misferli.

Hann skýrði frá eftirfarandi: "Guðjón vann um tíma sem vaktmaður í skála við Sundahöfn. Eg held að hann hafi leyst af Ólaf Sthephenssen. Þá veit ég að hannstal einhverju af litlum segulbands kasettutækjum. Eg held að eitt eða fleiri af þessum tækjum séu til heima hjá honum!" "Þá var þar eitthvað mágur hans Gunnar Egísson. ~~og~~ einnig Guðmundur Karlsson. Þeir stóru plötuspilara og hátalaraboxum!"

"Veturinn 1972-73 átti Guðjón Moskvitch bifreið. Þá fór ég, Gunnar Egísson og unnusta hans sem kölluð er Inga að heimsækja konu Guðjóns er var á heilsuhælinu í Hveragerði. Guðjón var uppdópaður og ók. Er við vorum rétt við Litlu kaffistofuna við Svínahraun ók hann á bifreið sem kom á móti. Hann stoppaði ekki en hélt áfram austur Prengslaveg og síðan upp Ölfus í Hveragerði. Hann varð þar eftir en við fórum í rítu í bætinn. Þetta komst aldrei upp!"

"Guðjón vann eitthvað hjá Menningarsjóði og lenti þar í misferli og var látin hætta. Eg held að þetta hafi verið gert upp á bak við tjöldin!"

Sævar kvartxaði um að einangrunin væri sér orðin mjög slæm. Eg henti honum á að hann skapaði sér þetta sjálfur. M.a. ~~á~~ margt sem hann hefði sagt í löngu skýrslunni sem hann gaf 28. okt. s.l. var ekki ~~rétt~~ og það taki langan tíma að rannsaka það nákvæmlega. A meðan gæti ekki

losnað um hann. Hann sagði þá m.a. eftirfarandi: "Megnið af skýrslunni er alveg rétt. Það að Guðjón ók suður eftir og eins það sem gerðist í Keflavík!"

"Eg skýrði rangt frá í upphafi. Eg var í Klúbbnum 17. nóv. 1974. Eg man ekki hvort Erla var með. Við fórum svo að þangað. Kristján Viðar var þarna með. Þarna inni man ég eftir að hafa talað við Pál Konráðsson og ég heila líka Hrein Vilhjálmsson!"

"Við Kristján stálum svörtu peningaveski af manni í einum stiga hússins. Það var þróngt þar og Kristján tafði fyrir manninum, en ég náiði veskinu úr vasa hans. Í því voru nokkur þús. kr. Við léturnum það síðan detta á gólfið við Diskotekið á annari hæð!"

"Við sáum annan mann sem við ætluðum að ræna (það var Geirfinnur) og fórum því að tala við hann og m.a. að þvæla eitthvað við hann um að selja honum áfengi. Páll Konráðsson heyrði þetta. Það var ekki úr að við reyndum að ræna hann og ég fór frá, en rétt á eftir kom Kristján til mí나 og sagði að maðurinn væri til að kaupa áfengi og var þá með nafn hans og heimilisfang, á miða. Við töluðum við Geirfinn á stigaskörinni á annari hæð!"

"Eg gaf Guðjóni upp nafn og síma Geirfinns. Hann talaði við hann í síma. Fannst hann eitthvað tortryggilegur. Töluðum í í bílnum á leiðinni suður eftir að ef hann væri að blekkja eða með stæla þá yfði honum sýnd full harka!"

"Guðjón kom til okkar á Hjallaveginn í leigubifreið, ég held frá Hreyfli. Erlu leiddist einni heima og bað um að fá að fara með. Guðjón ók og við fórum suður eftir í Land Rover bifreiðinni. Erla var lélegur ökumaður og sá stundum "sýnir" er hún var að aka.

"Geirfinnur var settur inn í Land Rover bifreiðina að aftan. Hann lá á grúfu á gólfinu á leið fil Reykjavíkur. Við Kristján sáum þá báðir framm í hjá Guðjóni. Það var motta eftir teppi á gólfinu aftur í. Eg man ekki hvort þau varð blóðugt?"

"Geirfinnur var aldrei fluttur austur í Grafning með eða settur í Þingvallavatn. Guðjón leitaði að stað suður í hrauni og þangað var hann fluttur í Land Rover bifr. að næturlagi. Við fórum þrí með hann. Guðjón, Eg og Kristján. Við fórum með hann talsvert suður fyrir Álverðið og beygðum til vinstri nokkuð langt út af steypta veginum og gengum síðan um 200 metr. Þar settum við hann í nokkuð drjúpa kvos. Settum mikið grjót yfir hann og þar á meðal stóra hellu. Vorum ekki með nein verkfæri. Eg var með hanska og ég held að Kristján hafi verið með loðhanska.

1220

"Kristján Viðar stal númerunum af Land Rover bifreiðinni skömmu seinna. Hann stóð þá fyrir utan hjá Bjarna Þór. Hann hélt að einhver hefði kankske séð bílinn í Keflavík og leitað yrði að honum. Hann fór með númerin heim til sín. Stjúpi Bjarna veit um þessu að Kr. Viðar tók númerin!"

"Það er ósatt að "lyftingamaðurinn hafi verið í Keflavík. Eg veit ekki hvað hann heitir en hann á heima vestur á Hringbraut og hefur geymt áfengi fyrir Viggð. Kristjáni er illa við pennan mann!"

"Eg veit að Guðjón og Sigurbjörn þekkjast. Guðjón hefur sagt mér að Klúbbmenn væru aðilar að Keflavíkurmyglina!"

"Kristján Viðar þekkir Sigurbjörn vel!"

"Sagan um skóflurnar var ósönn. Við komum að Gljúfurholi og þá heyrði ég Bengt hafa orð á því að hann hefði ætlað að fara að vinna í garði, en bóndinn hefði fengið lánuð verkfærin hjá sér. Sagan um hamarinn er sönn"

"Eg held að það hafi verið Sigurbjörn sem var í Keflavík, eða á hann bróðir sem er líkur honum? Þá gæti það verið hann!"

Jónas Bjarnason
Jónas Bjarnason
rahn's. lögrum.

1221

b9/08.52#
2224 isdoms is

pol danmark kh
rigsregistraturen, udlandskontoret,
københavn den 17 11 76 kl. 09.53

til interpol - reykavik

svar paa telex af 16 11 76.

det er ikke muligt at fremskaffe oplysninger vedrørende omtalte telefonsamtale. en samtale som omtalte skal bestilles hos rigs-telefonen, der imidlertid destruerer enhver form for regnskab efter 3 mørneders forløb.

naevnte saevar marino ciesielski er kendt. han er 21 07 73 udvist af danmark, fordi han er registreret for at handle med ,lsd, paa island. han har benyttet efternavnet michalsson.

skarphedinsson er ukendt.

kriminalpolitiet københavn, afd. a, den 17 11 76.
gerhardt hansen, ka

sendt fra rigsregistraturen af c. albrechtsen,ka

pol danmark kh#
2224 isdoms is/modt. af ?
2224 isdoms isrrrrrrrrmotagrtaf haraldur thordarsonrrrrrrrr
ok - bibi+

býðing / re

Rannsóknarnefnd Reykjavík.

Reykjavík, 16.11.1976

1) Athugasemd

Í dag töluðum við, Pétur Eggerz og undirritaður, við Sævar Cisielski í fangelsinu við Síðumúla.

Hann sagði m.a. annars eftirfarandi:

Að það væri rétt að hann hefði hringt í byrjun mars 1975 frá Kaupmannahöfn og þá í Guðjón Skarphéðinsson. Hann hefði notað símann í stúdentagarðinum í Kaupmannahöfn. Hann heldur, að símtalið hafi tekið ca. 10 minutur. Ástæðan hafi verið sú, að hann hafi viljað fá upplýsingar um hvernig málín stæðu (þóstmálið og Geirfinnsmálið). Hann (Sævar) hafi spurt, hvort ekki væri allt o.k. á Íslandi og hort það væri ekki í lagi að fara að koma heim. Þessu neitaði Guðjón, hann gæti ekki farið að koma heim í náinni framtíð. Svo hefðu þeir farið að tala um blaðagreinar úr íslenzkum blöðum. Þar á meðal hefðu líka verið greinar um "Geirfinnsmálið". Hann (Sævar) sagðist ekki geta munað, hvort Guðjón hefði lesið fyrir sig úr blöðum eða hvort hann hefði lesið upp einhverjar athugasemdir. Það hefði líka getað verið, að hann hefði bara sagt sér frá þessu án þess að lesa neitt fyrir sig.

Sævar hefði beðið Guðjón að senda sér peninga, en hann (Guðjón) hefði sagt, að hann væri sjálfur peningaþurfi.

Guðjón hefði þá komið með þá uppástungu, að hann, Sævar, færi að flytja sig eitthvað lengra í burtu, t.d. til Þýzkalands, Luxemborgar eða Frakklands. En Erla hefði endilega viljað fara heim til Íslands.

Þegar þetta símtal átti sér stað, hefði Erla staðið við hliðina á honum. Það gæti verið, að hún hefði heyrt sam-talið. Hinsvegar hefði hann (Sævar) svo sagt Erlu frá samtali þeirra í smáatriðum.

Sævar segist muna örugglega eftir því, að hann hefði hringt þetta símtal "collect" og að Guðjón hefði tekið við því.

Það væri einnig rétt, að hann og Erla hefðu, eftir heimkomu þeirra, farið að heimsækja Guðjón nokkrum sinnum. Man ekki hve ókft.

Í einni heimsókninni man hann, að þeir hefðu farið að tala um "Geirfinnsmálið". Ekki man hann, að Guðjón hefði verið með vasabók eða eitthvað slikt til að skrifa í.

Hinsvegar vissihann (Sævar) að Erla hefði farið að heimsækja hann Guðjón eftir að hún losnaði úr fangavistinni.

(Schütz, APr.a.D.)


- 2) Afrit í skjöl Guðjóns og Sævars.

Rvk. 14. 11. 1976.

þeyma rannsóknar "Geirfjinnsmálsins" óskar Rannsóknar-Lögreglan í Reykjavík eftir því, að Dómsmálaráðuneytið leiti hjá INTERPOL allra upplýsinga, sem þar kunni að vera fyrir hendi varðandi nöfn og heimilisföng á meðtöljjanáli lista. Sérstaklæga hvort Guðjón Skarphéðinsson fæddur 19. 6. 1943 eða Hevar Marinó Giesielski fæddur 6. 7. 1955 kunni að vera eitthvað tengdir þessum nöfnum og heimilisföngum.

Jög eindregið er þess óskað, að þessara upplýsinga verði aflað nú begar, þar sem er kunna að varða mann, sem í fyrrinótt var úrskurðaður í 20 daga gwsluvarðhald (Guðjón Skarphéðinsson).

Virðingarfyllst:



Eggert N. Bjarnason

Lögreglu.

Til: Dómsmálaráðuneytisins

Hr. Hjalti Zophaniasson

essinavej 8, 2300 Koll. nrer 216
København S.

P. Guðjónsson
Liberia Transnteian
San Juan 1133
Cidad de Mendoza
Mendoza
Argentina.

Helen Walther
3635 Second Avenue 255
San Diego California 92103

Mr. Ragnar Bóasson
1195 West Boulevard
Los Angeles 19 Calif.

North Stairlight Export Corp.
149-29-128 th Street
South Oxone Park
N. Y. 11420 USA

Silojstar Fonzalo Garicia Huidobro
54 Fellows Road
London NW 3

Patricia Ascui
8 A Collinette Road
Flat 6 London SW 15

Sigurður Jakobsson
Calle Buenavista 81
La Floresta (Pearson)
Barcelonia Espania

Jill Friedrick
Yellowstone Art Center
401, North 27 th
Billings Montana 59101
USA

John Okaine
 Pegairalles de Lésclette
 Lodéye Montpellier
 34 France

Kim Rhedin
 Haga Östergata 12
 41301 Göteborg
 tel. 031 113966

5 Ancher Road
 Sheffield
 58 0JR
 Yorkshire
 England

E. B. Stenseth
 P. O. Box 497 Clear
 Alaska
 (zipcode 99704)

Geirlaugur Magnússon
 Toco Degur
 Route de Berre
 Aix en Provence

Monsieur Ambard Claude
 49 Allée des Geraniums
 83 570 Carces
 Tel: (16) (94) 695113

Peter Bendrey
 c/o MRS. E. Bendrey
 10 Donnington Place
 Church Farm
 Rustington
 Sussex
 England

Mr. Ambard Joseph
 20 Rue
 Rognette
 Fox Amphoux

Louise Motolanez
 c/o Peter B.
 150 Spring S.T.
 N.Y. N.Y.

Hermann Degner
 Exploitant ole la Vigle ohn
 Gros Bessillon
 F 85350 Cotignac
 France

Luis Almenar Marco
 Sta. Bárbara 106
 Algenesí (Valencia)
 Spanish

12/11/77
 Mr. Geolle Armand
 "la Campanette"
 85126 Fox-Amphoux
 France

Toni Schwager
 Fox Amphoux 85126
 France

Rafn Guðmundsson
 Kinkebysvangen 87/304
 16374 Spånga
 Sverige

Haller Monai
 Place Emile Zola 8
 83670 Barjols
 France.

1228

14.15#
2224 isdom is
47 op paris f#
2224 isdom is
inpol 270658f

ip paris nr 15050 16/1340 gmt

interpol reykjavik -

nr 6002/296 878/d/ag stop

concerning your telex

egvid of 14 november 1976 concerning the arrestation the

12/11/76 of gudjon skarphedinsson on a murder charge stop

inform you ^{not known in our records} edbal all the persons mentionned in your message eblal stop
^{only the information from you} concerning erkek ciesielski ^{firstname} gegbi saevar marino glori stop

maxmax we have re-transmitted your message to all ncb

concerned : ip buenos aires madrid paris washington Londres
stockholm end =

gotpi=interpol hofutstofur .

#

2224 isdom isd
inpol 270658f

15.07#35 p7 8'

15.10#

2224 isdom is

48 op paris f#

2224 isdom is

inpol 270658f

ip paris nr026 03/1445 gmt

interpol reykjavic

bt

nr13/296.878/d/ag-stop-

egvid of 14 november 1976 stop

Verknaðarmenn stóðu eins og á ljósmyndinni. Kristján hélt með vinstri hendinni um háls Geirfinns. Skv. skeiðklukku hélt hann takinu í ca. 7 sekúndur. Því næst beygði hann hann niður og hélt hálstakinu áfram í boginni stellingu. Á því augnabliki gekk Sævar aftur að VW bifreiðinni, þar sem Erla beið. Þegar hann kom aftur á vettvang lá Geirfinnur á maganum skv. ljósmynd. Kristján kraup niður vinstra megin við hann og teygði höndina und frakkann (úlpuna?) til þess að þreifa á hjartanu. Hann sagði við Sævar: "Hann er dáinn" Sævar þreifaði á púlsinum en fann enga hreyfingu. Hann hélt einnig að Geirfinnur væri dáinn.

Hann breytir stöðu sendiferðabílsins um ca. 5 m til vesturs. Sævar álitur að Öttar hafi e.t.v. getað séð eitthvað.

Á meðan hafði Erla farið burt á milli tveggja bygginga í Dráttarbrautinni.

Kristján:

1. Kriatján breytir staðsetningu bifreiðarinnar og færir hana nokkru sunnar þvert á venjulega akstursstefnu, skv. ljósmynd.

2. Stig: Hálstakið:

Hann tók við hálstakinu af Guðjóni. Hann greip um hálsinn aftanfrá, beygði Geirfinn við það aftur á bak og ýtti með hnénu á hné hans. Hann sýndi hálstakið og skv. skeiðklukku gaf hann upp tímann ca. 10 sek. Á meðan á hálstakinu stóð, sló Sævar með lurk í feturna.

3. Stig:

Líkið lá á vinstri hlið, höfuðið sneri til austurs. Hann kraup á kné og reyndi að finna hjartaslögin en fann enga hreyfingu. Hann leggur þó áherslu á að hann sé enginn fagmaður. Hann sagði við Sævar: "Ég held að hann sé dáinn". Síðan gekk hann að sendiferðabifreiðinni og talaði við Óttar eins og hann hefur borið áður. Sævar sagði honum, þegar hann kom til baka, að hann hafi þreifað á púlsinum og haldi að hann sé dáinn.

Staða sendiferðabifreiðarinnar:

Hann er ekki viiss um að bíllinn hafi staðið þarna, hann hafi ekki getað séð hann í myrkrinu og heldur að Óttar hafi því ekki séð neitt.

4. Guðjón:

Kærði lætur VW bifreiðina aka til nokkurn veginn sama staðar og Erla. Sjá ljósmynd. Því næst lýsir hann því yfir að hann geti ekki lýst því hvernig átökin hafi byrjað og hvar einstakir aðilar hafi staðið. Það hafi verið mjög dimmt þessa nótt, og ef hann segi eitthvað núna geti það bara orðið einhver vitleysa. Aðspurður gengur hann lengra til morðurs að dráttarbrautinni sem liggur þversum og segir: "Hér á þessu svæði gæti það verið!". Guðjón neitaði aftur að gefa upp nokkrar staðarákvvarðanir. Hann sagði "Ég verð að hugsa mig betur um, og ég held að það komi, það kemur áreiðanlega."

2. Stig. Hálstakið:

Aðspurður lýsir Guðjón því yfir að Kristján hafi tekið við hálstakinu af sér. Hann var beðinn að sýna það, en neitaði því. Þegar honum voru sýnd ýmis konar hálstök, svaraði hann því til að hann gæti ekkert munað.

3. Stig.

Hann getur ekki gefið neina staðarákvörðun, ekki heldur hvernig Geirfinnur hefur legið. Hann sjálfur hafi ekki kannað hvort hann væri látinna. Hann viti heldur ekki hver hafi gert það. Aðspurður hvort líkið hafi verið borið til fólksbifreiðarinnar eða hvort bifreiðinni hafi verið ekið að líkinu, svaraði hann að hann myndi það ekki.

Staða sendíferðabifreiðarinnar:

Bifreiðin standi á nokkurn veginn réttum stað, þó kunni hann ekki við rauðan "stuðara" sem sé nú á bílnum. Þar að auki sé númerið ekki rétt. Ef ökumaðurinn hefur setið í bílnum sé hugsanlegt að hann hafi ekki séð átökin.

Sigurður Óttar:

1. Stig:

Hann lætur sendiferðabifreiðina aka að þeirri stöðu sem sérst á myndinni. Aðspurður segist hann vera alveg viss um að hafa ekki ekið bílnum neðar, einkum sé hann alveg viss um að hafa ekki ekið honum að bryggjunni. Kristján hafi komið að bílnum og sagt sér að hann skyldi bíða enn. En hann hafi ekki komið framan að honum heldur aftan að honum. Hann hafi aldrei farið úr bílnum allan tímann og mannamálið, sem hann hefur áður sagt frá, hafi hann heyrt vinstra megin fyrir aftan sig. Hann er alveg viss um að bifreið sem kom úr vesturátt hafi ekki ekið framhjá sér.

Kærða var sagt hvað aðrir hlutdeildarmenn höfðu sagt og einkum að þeir héldu því fram að bíllinn hefði staðið a.m.k. 30 m fyrir austan (sjá ljósmynd) Prátt fyrir það hélt Óttar við framburð sinn.

Aðspurður sagði hann að bifreiðin hefði áður hvorki verið með rauðan "stuðara" né rauðar rákir á hliðunum. Þær hefðu verið svartar og verið breytt þegar hún var seld.

Í rauða húsinu:

Húsið er veiðarfærageymsla. Yfir gluggana eru negldar krossviðarplötur að utan. Á jarðhæð, fyrsta herbergi ti. hægri, fannst á gólfínu við hliðina á garðbekk, 50x30 cm, stór tímburplata með stuttum fótum, sem virðist vera sæti. Undir fremri rönd sætisins liggja 5 sigarettustubbar. Engin spýja finnst.

Í litlu herbergi hægra megin í afturenda hússins - þar sem Erla segist hafa haldið sig aðfaranótt 20. - finnst ekkert (sigarettustubbar, spýja) sem sannar framburð kærðu.

Ljósrit af blaðsíðu úr gestabók Hótelss Bjarkarlundar
fyrir sumarið 1976.

GreiFinne Einarssoð

26/b. Einar Þórhelson

~~officell~~

Núna sinnilið döllie Flateyri.

Þorþjórfur Þórhelson, Þórhelgi

Jenselja g. Guðmundur Flateyri.

Runa C. Guðmundsson Flateyri.

28/b. Elinastórunn Þórh. Þórh.

28/b. Elinastórunn

22.-29/6 Skýringismáir Guðmundsson
Ennibraun Skýringinsdóttir

29/6 Einar Sigurðsson Þorlaksson
Hilga fyrirslóðir

Hinnaun Einarsson -"-

Guðmundur Einarsson -"-

Sóley Einarssdóttir -"-

Jurður Þorsteinsdóttir Þorlaksson

(cf. Einarsey Þorlaksson)

Óla Fríðgerður Þorlaksson

Fimmtudaginn 14. lo. 1976 kl. 15:45 mætir á skrifstofdurann-sóknarlöggreglunnar Águst Guðmundsson, nemi til heimilis að Hjallavegi 18, Rvík., s: 37162, fæddur 26. 6. 1960 í Rvík.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, sem er hvort hann hafi vitneskju um hvernig nafnritanir Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar eru tilkomnar í gestabók' Hótels Bjarkarlundar.

Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá, að s.l. sumar hafi hann unnið hjá Rafmagnsveitum ríkisins við mælingar fyrir línumlögnum. Við vorum fjórir sem byrjuðum þessi störf í júní s.l. Auk míni voru Þórður Jónsson, Ólafur Valsson og Hallgrímur Ingólfsson sem var verkstjóri yfir hópnum. Þórður hætti svo í þessum flokki og vorum við þrír eftir það

Ég hef áður verið spurður um nafnritanir í gestabókina á Finn-bogastöðum og hef ég þar engu við að bæða. Hvað varðar um-ræddar nafnritanir í gestabókina á Bjarkarlundi er það að segja, að Ólafur Valsson sagði mér að Hallgrímur hefði einnig skrifað nöfn Geirfinns Einarssonar og Einars Bollasonar í þá bók. Ég man ekki fyrir vist hvenær Ólafur sagði mér þetta, en þetta bar laus-lega á góma. Ég sá Hallgrím ekki skrifa í þessi nöfn í gestabækurnar, en ég heyrði Hallgrím og Ólaf tala um að Hallgrímur hefði skrifað í gestabókina á Finnbogastöðum, en sem áður sagði heyrði ég Ólaf tala um að Hallgrímur hefði einnig skrifað í gestabókina í Bjarkarlundi. Ekki veit ég fyrir vist hvers vegna Hallgrímur gerði þetta, en tel að þetta hafi verið gert í kjánaskap.

Eftir því sem ég best veit skrifaði Hallgrímur í þáðar bækurnar um líkt leyti. Hann dvelur nú í Norggi við nám, en Ólafur er heima hjá sér á Akureyri eftir því sem ég best veit."

Guðmundsson
Greðar Guðmundsson
lögreglum.

Upplæmið staðfest,
Águst Guðmundsson
Águst Guðmundsson

4.11.1976. Í dag talaði ég við Ellert Björn Skúlason framkv.stj.f.9.10.1935,nafnnr.2072-0158.

Ég hafði fyrir nokkrum dögum óskað eftir því við Ellert, að hann gæfi upp vinnustaði Geirfinns Einarssonar á árinu 1974.

Ellert sagðist hafa falið bókara sínum að finna út vinnustaðina, sem eru eftirtaldir:

Frá 1.1.-janúarloka í Sigöldu,
fðebrúar,marz og til 12.4. á Vogastapa v/hafnargerðar,
12.4.-5.5.ýmis störf á verkst.í Keflav.og við vélar,ofl.
6.5.-25.7. í Sigöldu,
26.7.-27.8.sumarfrí,
28.8.-8.9.í Sigöldu,
10.9.-14.9.ýmis störf á verkst.eftirlit véla,
16.9.-20.9.í Búrfelli,
21.9.-22.9.ekki að vinna,sennil.veikur??
23.9.-18.10.hjá Landsvirkjun í Búrfelli,
21.10.-1.11.ýmis störf á verkst.eftirlit véla,
4.11.-19.11.í grjótnáminu við Sandgerði v/hafnargerðar.

Ellert sagði mér fyrir nokkrum dögum,að er hann eitt sinn,hefði verið staddur á Vogastapa,sennilega í febrúar '74, hefði komið þar piltur,sem hefði verið ölvaður og í leigu-bíl og hefði sá verið að hitta Geirfinn. Hann sagðist muna það nokkuð örugglega,að pilturinn hefði verið að fá smá lán hjá Geirfinni,eða alla vega sagðist Ellert muna þetta svona.

Hann sagðist þó ætla að kanna þetta nánar og í dag sagði hann mér,að starfsmenn hans,ræki ekki minni í sambandi við þessa heimsókn. Ellert sagðist halda,að piltur þessi hefði verið um 30 ára,en ekki sagðist hann muna neitt eftir útliti hans og ekki heldur í hvernig leigubíl hann hefði verið.

Hann sagðist eithvað hafa spurt Geirfinn,hver þetta hefði verið og halda,að hann hefði talað um akureyring í því sambandi,en þó ekki þora að fullyrða neitt um þetta.

Ellert sagðist ætlað að ræða þetta nánar við starfsmenn sína.

Ivar Hannesson
löggreglum.



Rvk. 20.2.1977.

Skýrsla um rangar sakar-
giftir á hendur þeim:

Valdimar Ólsen, Framnessvegi 61 Reykjavík
F. 22. 2. 1948, nnr. 9064-7768.

Einari Gunnari Bollasyni, Heiðvangi 5 Hafnarf.
F. 6. 11. 1943, nnr. 1795-1858.

Magnúsi Leópoldssyni, Lundabrekku 10 Kópavogi
F. 23. 8. 1946, nnr. 6272-4145.

Sigurbirni Eiríkssyni, Laufássvegi 17 Reykjavík
F. 5. 12. 1925, nnr. 7799-3606.

Þessir fjórir menn hafa verið bornir þeim sökum
að hafa tekið pátt í á einn eða annan máta hvarfi
Geirfinns Einarssonar. Geirfinnur hvarf í Keflavík
að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Þeir aðilar, sem báru fjórmenningana þessum
sökum, eru:

Sævar Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10 Reykjav.
F. 6. 7. 1955, nnr. 8834-8869.

Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82 Reykjav.
F. 24. 4. 1955, nnr. 5890-2217.

Erla Bolladóttir, Stóragarði 29 Reykjavík
F. 19. 7. 1955, nnr. 2147-0929.

Framburður þeirra Sævars Marinó, Kristjáns Viðars
og Erlu leiddi til þess, að Valdimar, Einar Gunnar og
Magnús voru handteknir að morgni þess 26. 1. 1976.
Þann 11. 2. 1976 var Sigurbjörn svo handtekinn. Hand-
tökur þeirra briggja fyrsttoldu fóru allar fram á heim-
ilum þeirra á mánudagsmorgni kl. 06:00. Þessi tími var
valinn svo nokkurð öruggt væri, að til allra mannanna
næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp
úrskurðir í sakadómi Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnar-

fjarðar varðandi handtökurnar til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta mótpóra og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla og tilefni handtökunar skýrt út fyrir þeim.

Fjórði maðurinn, þ. e. Sigurbjörn, var handtekinn utan við heimili sitt þann 10. 2. 1976 og fluttur í fangelsið við Síðumúla.

Allir voru mennirnir úrskurðaðir í gæsluvarðhald og kærðu þeir þrír fyrst töldu úrskurðina til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti þá. Sigurbjörn kærði ekki úrskurðinn til Hæstaréttar.

Gæsluvarðhalðsúrksurðir yfir þeim fjórmennungunum voru sem hér segir:

Valdimar Ólsen.....	26. 1. 1976--45 dagar
	11. 3. 1976--30 dagar
	9. 4. 1976--30 dagar
Magnús Leópoldsson.....	26. 1. 1976--45 dagar
	11. 3. 1976--30 dagar
	9. 4. 1976--30 dagar
Einar Gunnar Bollason....	26. 1. 1976--45 dagar
	11. 3. 1976--30 dagar
	9. 4. 1976--30 dagar
Sigurbjörn Eiríksson.....	11. 2. 1976--45 dagar
	27. 3. 1976--30 dagar
	26. 4. 1976--45 dagar

Þann 9. 5. 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi.

Allan tímann, sem mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi, neituðu þeir eindregið að eiga nokkurn hlut að málí varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd þar um.

Upphof málsins og málsatvik:

Við yfirheyrslu að kvöldi þess 22. 1. 1976 báru þau Sævar Marinó og Erla um tilvist mannanna fjögurra í Keflavík, og að þeir ættu hlut að Geirfinnsmálinu. Á þeim tíma sat Sævar Marinó í glsuvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar, en Erla hafði verið látin laus skömmu fyrir jól.

Erla hafði tjáð okkur, sem að rannsókn málsins unnum,

að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símahringingum. Það varð því úr, að Erla var boðuð til yfirheyrslu fyrrgreint kvöld. Örn Höskulds-son fulltrúi yfirsakadómar og Sigurbjörn Viðir Eggerts-son rannsóknarlöggreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla. Á sama tíma ræddi ég undirritaður við Sævar Marinó í yfirheyrsluherbergi fangelsins og vissi hvorugt um tilvist hins. Eg spurði Sævar Marinó hvort hann vissi við hvað Erla væri hrædd og sagði hann þá, að það myndi vera vegna "Geirfinnsmálsins", og ynnti ég hann nánar eftir því máli. Sævar Marinó nefndi nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars, og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leiti, sem Geirfinnur Einars-son hvarf. Eg tók síðan skriflega skýrslu af Sævari Marinó um þessi atriði.

Á meðan komu mjög svipuð atriði fram hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki af henni tekin fyrr en daginn eftir, þ.e. 23.1.1976. Þann sama dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari og viðurkenndi hann þar að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Þar hefði verið farið í Dráttarbrautina, og þar hefði hann séð Sævar Marinó, Erlu og Einar Gunnar, ásamt fleira fólk. Þann 25.1.1976 gaf Sævar Marinó aftur skriflega skýrslu.

Þau þrjú, þ.e. Sævar Marinó, Kristján Viðar og Erla hafa síðan margoft skýrt frá því, að fjórmennингarnir (ímist einhverjur þeirra, eða þeir allir) væru viðriðnir "Geirfinnsmálið", eða hefðu beinlínis tekið þátt í því.

Hér á eftir fer listi yfir þær skýrslur þeirra þriggja þar sem þau greina frá hlut fjórmenninganna í málinu:

Einar Gunnar:

- 22.1.1976 bls.1-4, 23.1.1976 bls.6-7,
- 23.1.1976 bls.11, 25.1.1976 bls.12-14,
- 27.1.1976 bls.18-20, 27.1.1976 bls.21-23,
- 3.2.1976 bls.29, 10.2.1976 bls.30, 10.2.1976 bls.31,
- 10.2.1976 bls.32, 3.3.1976 bls.115, 18.3.1976 bls.135, 20.4.1976 bls.192-195, 4.5.1976 bls.198, 8.5.1976 bls.219-221, 1.9.1976 bls.547.

Magnús:

22.1.1976 bls.1-4, 23.1.1976 bls.6-7,
 25.1.1976 bls.12-14, 27.1.1976 bls.18-20,
 27.1.1976 bls.21-22, 3.2.1976 bls.28-29,
 10.2.1976 bls.32, 4.5.1976 bls.197,
 1.9.1976 bls.546-547.

Valdimar:

22.1.1976 bls.1-4, 27.1.1976 bls.18-19,
 27.1.1976 bls.21, 3.2.1976 bls.29, 10.2.
 1976 bls.30, 10.2.1976 bls.31, 18.3.1976
 bls.135, 20.4.1976 bls.194-195, 8.5.1976
 bls.219-221.

Sigurbjörn:

27.1.1976 bls.19, 27.1.1976 bls.21-23,
 3.2.1976 bls.29, 10.2.1976 bls.30, 10.2.
 1976 bls.31, 10.2.1976 bls.32, 18.3.
 1976 bls.135, 20.4.1976 bls.195, 8.5.
 1976 bls.221.

Auk þess hafa þau Sævar Marinó, Kristján Viðar og Erla nokkrum sinnum fyrir dómi sagt þá fjórmenningana hafa verið í Keflavík, nánar tiltekið í eftirfarandi skipti:

30.3.1976. Erla segir fyrir dómi, að Magnús hafi ekið bifreiðinni, sem farið var í til Keflavíkur, og Einar Gunnar hafi verið þar í fjörunni.

Ekki vill Erla þá fullyrða hvort Valdimar var þar.

31.3.1976. Kristján Viðar segist fyrir dómi vera viss um, að Einar Gunnar hafi verið í Dráttarbrautinni. Hann segist einnig muna örugglega, að þeir Sigurbjörn og Valdimar hafi þar einnig verið.

1.4.1976. Sævar Marinó segir fyrir dómi, að hann hafi vitneskju sína varðandi Magnús, Valdimar og Sigurbjörn (þ.e. þáttöku þeirra í Geirfinnsmálínus) frá Erlu.

6. 4. 1976. Kristján Viðar segist fyrir dómi þekkja aftur í sjón Einar Gunnar sem öku-manninn á leiðinni til Keflavíkur.

7. 4. 1976. Erla mætir í dómi. Er þá í vafa hvort hún hafi séð Einar Gunnar í Dráttarbrautinni. Vill ekki um það fullyrða. Erla er aftur á móti örugg um, að Magnús var í Dráttarbrautinni.

8. 4. 1976. Kristján Viðar fullyrðir fyrir dómi, að Vldimar hafi verið í Dráttarbrautinni.

Meðan þeir Magnús, Einar Gunnar, Valdimar og Sigurbjörn sátu í gæalsuvarðhaldi, var unnið sleytulaust að rannsókn á sannleiksgildi áburðar þeirra Erlu, Sævars Marinós og Kristjáns Viðars á hendur þeim. Jafnframt voru hugsanlegar fjarvistarsannanir þeirra fjögurra fyrir kvöldið 19. 11. 1974 og nóttna á eftir kannaðar, svo og möguleg tengsl þeirra við Geirfinn Einarsson. Ekki reyndist unnt svo óyggjandi væri sö staðfesta neina af fjarvistarsönnunum fjórmenningana, og ekki reyndist heldur mögulegt að finna tengsl milli þeirra og Geirfinns, né renna stoðum undir framburði þeirra Erlu, Sævars Marinós og Kristjáns Viðars varðandi fjórmenningana. Þetta leiddi til þess, að fjórmenningarnir voru leystir úr haldi í byrjun maí-mánaðar 1976, eins og að framan er getið.

Rannsóknarlöggreglunni hafa borist margar ábendingar um meðferð fjórmenninganna á áfengi, sem tortryggileg þótti, svo og ábendingar, þar sem bent var á hugsanleg tengsl þeirra við Geirfinn Einarsson. Allar voru þessar ábendingar kannaðar, en fáar höfðu við rök að styðjast, svo óyggjandi væri.

Það má segja, að þau Erla, Kristján Viðar og Sævar Marinó hafi haldið því fram þar til seint á árinu 1976, að fjórmenningarnir, einhver þeirra eða þeir allir, hafi átt hlut að atburðinum í Dráttarbraut Keflavíkur. Þetta var þó nokkuð misjafnt eftir því hvert þeirra skýrði frá. Þar kom þó, að þau Erla, Sævar Marinó og Kristján Viðar, og nú síðast Guðjón Skarphéðinsson (hann hefur aldrei sagt fjórmenningana eiga-

pátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar) hafa öll viðurkennt, að fjórmenningunum hafi viljandi verið blandað í málid. Það hafi verið rætt og ákveðið eftir dauða Gierfinns, en ekki ber þeim öllum saman um nánari tíma-setningu

Hér fer á eftir skrá yfir skriflegar skýrslur þeirra Erlu, Sævars Marinóss, Kristjáns Viðars og Guðjóns, þar sem þau draga til baka pátt fjórmenninganna í málinu, eða nefna þá ekki á nafn í sambandi við atburðina í Dráttarbraut Keflavíkur:

2. 3. 1976 bls. 110-111. Kristján Viðar neitar öllu varðandi ferðina til Keflavíkur og segir allt, sem hann hafi sagt í sambandi við ferðina vera uppspuna. (Þann 9. 3. 1976 bls. 122-124 tók hann þó þessa yfirlýsingu til baka).

11. 8. 1976 bls. 1198. Erla segir, að Magnús hafi ekki ekið bifreiðinni til Keflavíkur.

20. 10. 1976 bls. 662-669. Sævar Marinó segir nokkuð nákvæmlega frá Keflavíkurferðinni og hvað gert var við lík Geirfinns Einarssonar, en nefnir ekki fjórmenningana í því sambandi.

21. 10. 1976 bls. 615-617. Kristján Viðar segist ekki hafa þekkt neinn í Dráttarbraut Keflavíkur, utan Erlu og Sævar Marinó.

22. 10. 1976 bls. 622-623. Erla segir frá Keflavíkurferðinni, en nefnir ekki fjórmenningana á nafn.

27. 10. 1976 bls. 643-646. Sævar Marinó segir frá Keflavíkurferðinni, en nefnir fjórmenningana ekki beinlínis.

10. 11. 1976 bls. 719-721. Kristján Viðar segir frá Keflavíkurferðinni, en nefnir nú engann fjórmenninganna á nafn.

8. 12. 1976 bls. 922. Guðjón segir frá aðild sinni að hvarfi Geirfinns og lýsir því yfir, að fjórmenningarnir séu saklausir. Það hafi hann allan tímann vitað.

9. 12. 1976 bls. 935-936. Sævar Marinó segir það hafa verið samantekin ráð að blanda Einari Gunnari og Valdimar í málið, ef Sævar Marinó og aðrir yrðu handteknir vegna málsins.

13. 12. 1976 bls. 959. Erla segir, að ákveðið hafi verið að blanda fjórmennungunum í málið, ef með byrfti.

Af því, sem hér hefur verið talið upp, má ætla, að fjórmennungunum (Magnúi, Einari Gunnari, Valdimar og Sigurbirni) hafi öllum verið blandað í "Geirfinnsmálið" af fyrirfram yfirlögðu ráði. Í því sambandi má benda á, að kunningjakona Erlu hefur sagt, að eitt sinn hefði hún og Erla rætt um hvað þær ættu að gera, ef þær lento í alvarlegu fíkniefnamáli. Þá á Erla að hafa sagt, að best væri að blanda sem flestum þekktum persónum í málið til þess að rugla það og torvelda rannsókn þess.

Hver ástæðan til þess, að fjórmennungunum var blandað í "Geirfinnsmálið", var, er ekki gott að fullyrða um. Þó má ætla, að það hafi aðallega verið gert til þess að gera rannsóknaraðilum erfitt fyrir um rannsókn þess. Eins ber að líta á það, en Sævar Marinó hefur mátt ætla, að Geirfinnur hafi sagt einhverjum frá stefnumóti sínu að kvöldi þess 19. 11. 1974, það er, að Geirfinnur hefur sennilega talið sig vera að fara á fund Magnúsar Leópoldssonar. Á þessa skýringur hefur raunar Sævar Marinó sjálfur minnst.

Í þessari skýrslu hefur aðeins verið minnst á aðalatriðin varðandi áburðinn á fjórmenningana um þátttöku í "Geirfinnsmálinu", en nánar má um þau lesa í sjálfum málsskjölunum. Þar sem í skýrslu þessari er vitnað til ákvéðinna blaðsíðunúmera, þá er átt við númer í málsskjölunum, hér á undan.


Eggert N. Bjarnason
löggreglum.

RANNSOKNARNEFDIN REYKJAVIK.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1977, kl. 11:00, er mætt á skrifstofu Rannsóknarlöggreglunnar, Borgartúni 7, Hulda Björk Ingibergsdóttir, f. 23.8.1946, nú til heimilis að Langholtsvegi 34, sími 34144. Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrzlunar og er kunn vitnaskyldan. Aminnt um sannsögli skýrir hún svo frá:

"Pað var eftir miðjan nóvembermánuð 1974, skömmu áður en við Páll Konráðsson fórum frá Laugavegi 32, en þaðan fórum við um mánaðrmótin nóvember-desember 1974, að einhver kom til að sækja Kristján Viðar Viðarsson, sem þarna bjó einnig. Þetta var að kvöldi til, en búið var að hringja til hans fyrr um daginn. Eftir það símtal, hafði Kristján orð á því, að hann væri að fara um kvöldið til Keflavíkur til að sækja spíra og bað hann Pál um að koma með. Páli langaði til að fara, en af því varð þó ekki. Mig minnir, að Kristján hafi verið klæddur í svartan leðurjakka, þegar hann fór, en ég man ekki hvernig buxur hans voru. Ég sá ekki hver sótti Kristján, en hann fór og sá ég hann ekki fyrr en daginn eftir. Mig minnir, að við Páll höfum farið eitthvað um kvöldið og komið aftur um nöttina, en þá var Kristján ekki kominn, en hann svaf í sama herbergi og við Páll. Eftir hádegi kom Kristján og ég man, að hann hafði orð á því, að hann hafi verið um nöttina að Grettisgötu 82 og farið þar í bað og haft fataskipti. Ég sá, að hann var ekki í leðurjakkanum, heldur ljósum gærupelsi. Ég man ekki fyrir víst, hvað klukkan var, þegar Kristján kom, daginn eftir, en ég er þess fullviss, að það var eftir hádegi. Ekki ræddi Kristján neitt um ferð sína, þegar hann kom, að því er ég vissi til, en ég vissi þó, að hann mundi engan spíra hafa fengið í ferðinni. Ég er ekki fullviss, hvenær Kristján fór þessa ferð, en það gæti vel hafa verið að kvöldi 19. nóvember 1974. Flejri atriði varðandi samskipti míni við Kristján, varðandi þetta kvöld man ég ekki."

Yfirheyrzlu lauk kl. 11:50.

Upplesið, staðfest,

Hulda Björk Ingibergsdóttir
Hulda Björk Ingibergsdóttir.

Vottur:=


E. N. Bjarnason

Eggert Bjarnason.

H. Arnason
Haraldur Arnason
rannsóknarlögr.m.

Geirfinnur: Grænn
Sævar: Gulur.
Kristján: Grár
Guðjón: Órans.

1318-A





Uppdráttur gerður af
Sævar Ciesielski, sem
hann segir sýna atburðarásina af átökunum í
dráttarbrautinni í
Keflavík 19/11. 1974.

Rvík 12/1. 1977.

JB.

1. Sørv.
2. Guðján.
3. Þórtján.
4. Æla.
5. S. Óttar.
6. Þorsteinn.

bogar vid heomun fyrst
áð deittarbeaut,
fæ og eg og Þórtján í til
W. billnum, tölun
og í W. billum fakur
rem ræs vid hirri




SLAGSMÅL



Herr Ævarr Þorsteinn

My 1974



Sven Maeino Ciesielski
14/1 '77 Blåkhan sjö ek.

Dráttalbraut K.V.

X	X		1.	Til Ottar.
X	X	X	2.	Gudjör kom. Höfði hafnarblöð.
X	X	X	3.	Rabbað soman, stöðvad, Geiefinnur fer uit. Dedaskipti slagsmála.
X	X	X	4.	Ela er headd vilja færa og fær.
X	X	X	5.	Dáinn.
X			4.	Leitað Eelu.
X	X	X	4.	Hvað cigum vid geza, fingraför Geiefinn i bílinn
X	X		4.	Ela kapulaus. Leitað Eelu og K.V. tala vid Ottar
X	X		5.	Inn í bíl. Leita í nálagum síðum og úrr K.V. til Reykjavíkur
Cara.	Gudjör.			
	Hestjan.			
	Ela.			
	Geiefinnur.			
	Hámei.			

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Fimmtu-daginn 6. febr. 1977 hafði samband við

Tekin af:

J. Bjarnasyni
ranns.löggreglum.

undirritaðan Guðbjörn Guðmundsson byggingarmeistari Glaðheimum 20 Reykjavík og léti þess gerið að hann hefti verið á ferð í Rauðhólunum í ársþýrjun 1975 og þá veitt athygli stað þar sem eldur hefði leikið nýlega um grjóðr þar án þess að hægt væri að sjá að neinu hefði verið brent.

Efni: Leit í Rauðhólum
á líki Geirfinns
Einarssonar.

4. sama mánuð. fór ég með Guðbirni upp í Rauðhóla. Sunnan í háum hraunhól sem er til hægri þegar komið er inn í hólanabenti hann á umræddan stað. Ekki kvaðst hann hafa séð neitt umrót parna, en það hafi vakið athygli sína þó parna hefði leikið eldur um grjótið án þess að hann gæti séð að neinu hefði verið brent.

Grunaðir:

Undirr. ásamt Ívari Hannessyni ranns.löggreglum. fór með Sævar Marinó Sieselski á nefndan stað. Hann kvað þetta geta vel verið staðinn sem hann og félagar hans ~~h~~ hafi grafið lík Geirfinns Einarssonar, en þó sé hann ekki viss á því. Nefndur staður var um 150 metr. frá þeim stað sem hann hafði gefið upp áður. Mjög mikið vatn var þanna og ís og ógjörningur að grafa að svo kommu málí.

Settur í varðhald:

Mánud. 6. júní 1977 fór ég ásamt Grétari Sæmundss. ranns.lögr.m. á staðinn og léttum ~~xékkum~~ kanna hann nákvæmlega með vélskóflu. Ekki bar það nein ~~at~~ árangur.

Jónas Bjarnason
ranns.löggreglum.

28.5.1977. Gunnlaugur Briem sakadómari hefur óskað þess, að kannað yrði, hvort seldir væru hér á landi teikniblýantar, sem væru sömu tegundar og teikniblýanturinn, sem Kristján Viðar Viðarsson, segist hafa tekið úr vasa Geirfinns Einarssonar, eftir að lík hans hafði verið flutt til Reykjavíkur, aðfararnótt 20.11.1974.

Undirritaður hefur kannað petta, ásamt Sigurbirni Vfði Eggertssyni rannsóknarlöggreglumanni.

Við fórum með umræddan teikniblýant í bóka- og ritfangaverslanir hér í Reykjavík. Í ljós kom, að teikniblýantar nákvæmlega sömu tegundar og nákvæmlega eins, voru seldir í ritfangadeild Máls og menningar Laugavegi 18, hér í borg og í verslun Pennaviðgerðarinnar Ingólfssstræti 2, hér í borg.

Þar fengum við upplýst, að umboðsmaður og innflytjandi, væri heildverslun Agnars Hreinssonar, sem væri til húsa í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu hér í borg.

Við fórum til Agnars Hreinssonar heilda, f. 4.8.1914,
tilh. Leifsgötu 14, Reykjavík, nafnnr. 0100-0853, sími 16382.

Agnar sagðist hafa flutt inn teikniblýanta pessa um árabil. Hann sagðist flytja pennana, ásamt mörgu fleiru frá ritfangafirma á Ítalíu.

Agnar sagði okkur, að umræddir teikniblýantar, project 5313, væru fluttir inn í litunum, gulum, rauðum, bláum, grænum og svörtum.

Hann sagði okkur og, að fyrirtækið, léti framleiða pennana á mismunandi stöðum og væru þeir þá með öðru heiti, en ávalt með sama númeri. Agnar létt okkur hafa sýnishornabók frá ritfangafirmanu og á bls. 22, er mynd af umræddum teikniblýanti. Þá létt hann okkur einnig hafa auglýsingamiða og er þar á mynd af penna sömu tegundar. Sýnishornabókin og auglýsingamiðinn, fylgja hér með.

Agnar sagði okkur, að teikniblýanta pessa, hefði hann flutt inn í tölvert miklu magni, eða frá nokkrum hundruðum og upp í um-eða yfir eitt þúsund ár hvert.

Hann sagðist hafa selt petta til Máls og menningar og í Pennaviðgerðina hér í Reykjavík og einnig víða í verslanir úti á landi og t.d. væri Bókabúð Keflavíkur með stærri kaupendum. Við Sigurbjörn fórum einnig á skrifstofu Energoprojekt, Suðurlandsbraut 12, hér í borg. Starfsfólk þar sagðist ekki hafa séð svona penna þar í fyrirtækinu, né hjá starfsmönnum.

Parna á skrifstofunni ræddum við, við Pórunni Örnólfss-dóttur ritara, f. 21.10.1937, tilh. Langholtsvegi 20 hér í borg sími 37665, v.s. 84211. Nafn nr. 9802-1256.

Pórunn sagði okkur, að hún hefði verið ritari starfsmanna fyrirtækisins og unnið inni á Sigöldu þegar Geirfinnur Einarsson vann þar. Hún sagðist hins vegar ekki hafa vitað hver Geirfinnur var. Pórunn sagðist ekki hafa séð svona teikniblýjant áður.


Ivar Hannesson
Lögreglum.
Ivar Hannesson.

project 5613 professional



an extra-light lead holder • octagonal plastic barrel with knurled finger-grip • clutch for 3B to 9H leads (diam. 2 mm) • in different colours: red, blue, yellow, green, black available in the types:

5613: without clip or lead pointer - **5613/C:** with pocket clip - **5613/MS/C:** with clip and lead pointer



The new lead sharpener for k33, k22, 5613 and 827


Miðvikudaginn 1. júní 1977 kl. 12:45 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Sigurvin Hannibalsson til heimilis að Blesugrós 21, Rvík., sími: 81917, fæddur 17/2 1937 í Þernuvík í Ögurhreppi. Nafn nr.: 8075-6003.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er að Guðmundur Jónsson hefur skyrt frá því fyrir dómi, að hann hafi sagt Sigurvin frá því, er hann tók stúlkuna upp í bifreiðina í Keflavík og ekið henni að vegamótum Grindavíkurvega og Reykjanesbrautar. Mætta er kunn vitnaskildan og áminntur um sannsögli skyrir hann svo frá:

Ég þekki Guðmund S. Jónsson og kynntist ég honum árið 1969 er við vorum að vinna á dýpkunarskipinu Gretti og vinnum við saman enn í dag. Ég man eftir því þegar Guðmundur kom til vinnu á Gretti, en þá vorum við að vinna í Grindarvíkurhöfn, og var þetta að mig minnir í hádegi, sem hann kom. Hann sagði mér frá því að hann hefði tekið stúlku upp í bifreiðina í Keflavík og ekið henni að mótmum Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar þar sem hún hefði farið úr bifreiðinni, en hann haldið til Reykjavíkur. Ekki man ég hvort Guðmundur sagði nokkuð um það hvað stúlkan hefði sagt við hann, eða hann hafi minnst á það að hafa séð hana fara í annari bifreið til Reykjavíkur. Hann talaði hinsvegar um það, að þer hefði fundist stúlkan skrítin, en ekki man ég hvað hann sagði í því sambandi.

Petta var um haustið 1974, en ekki man ég nákvæmlega hvenær. Ekki veit ég á hvaða bifreið Guðmundur var, en mig minnir að hann hafi þá átt Skóda fólksbifreið, en ég veit að Guðmundur fékk lánað Moskvitch fólksbifreið, nokkrum sinnum hjá vinnufélaga okkar, sem kallaður er "Lilli". "Lilli" þessi er frá Vestmannaeyjum og var Moskvitch bifreið hans gömul og minnir mig að hún hafi verið með V númeri. Ég veit að Guðmundur fékk þessa bifreið lánað til þess að fara til Reykjavíkur.

Eins og ég hef áður sagt þá treisti ég mér ekki til þess að segja til um það með vissu hvenær petta var, sem Guðmundur sagði mér þetta með stúlkuna, en ég er viss um það, að þetta var á tímabilinu frá október til desember 1974.


Sigurbjörn V. Eggertsson
lögreglum.

Upplesið, staðfest,

Sigurvin Hannibalsson.

27.5.1977, kl. 20,40, er mætt til skýrslutöku, Pálína Jóna Guðmundsdóttir húsmóðir, f. 10.9.1955, tilh. Suðurgötu 25, Sandgerði sími 92-7621. Nafn nr. 6978-7169.

Guðmundur S. Jónsson faðir mættu, hefur greint frá því fyrir dómi, að hafa komið á heimili Pálínu 20. nóv. 1974.

Mættu er birt tilefni skýrslutökunnar og áminnt um vitnaskyldu og sannsögli, skýrir mætta svo frá:

"Kvöldið áður eða þann 19. nóv. 1974, var ég í afmæli frænku minnar, Kristínar Jóhannesdóttur tilh. Grenilundi 8 Garðabæ. Þar hitti ég föður minn. Þar var einnig fjöldi fólks. Ég var nýlega flutt til Sandgerðis og faðir minn hafði ekki komið í heimsókn og barna í afmælinu talaði hann um, að koma jafnvel í heimsókn morguninn eftir, en á þessum tíma var faðir minn á dýpkunarskipinu Gretti og var skipið þá í Grindavík. Ég held, að hann hafi þá unnið á vöktum, en þori þó ekki að fullyrða um það.

Ég og eiginmaður minn, Þórarinn Reynisson, fórum úr afmælinu um kl. 23,30 og þá beint heim í Sandgerði, en þá bjuggum við á Þóroddsstöðum, sem er sveitabær norðan Sandgerðis.

Faðir minn kom svo snemma um morguninn og ég var þá ekki komin á fætur og ég gæti hugdað að klukkan hafi verið um 09,00, eða þar um bil, en get þó ekki slegið þessu föstu, eftir þetta langan tíma. Hann sagðist hafa farið fyrst í smiðjuna til Þórarins og fengið hjá honum lýsingu á leiðinni heim til mínn. Hann stoppaði ekki lengi hjá mér líklega um 30 til 40 mínútur og þegar hann fór, þá held ég að hann hafi talað um, að hann ætti ekki að mæta til vinnu, fyrr en seinna þennan sama dag. Ég sá aldrei bifreiðina, sem hann kom á og hann talaði ekkert um bifreiðina við mig.

Ég held, að faðir minn hafi þá átt Skoda bifreið og ég man, að sú bifreið var stundum í lamasessi, en hvort svo hefur verið þá, get ég ekki sagt um. Það var svo í fyrrasumar, sem bróðir minn sagði mér, að faðir okkar, hefði gefið sig fram í sambandi við auglýsingu, en auglýst var eftir bifreiðarstjóra, sem hefði ekið Erlu Bolladóttur þann 20. nóv. 1974. Faðir minn sagði mér svo síðar, að hann hefði þekkt stúlkuna aftur er hann sá hana í Sakadómi Reykjavíkur. Ég hafði áhuga fyrir þessu, en ég þekkti Erlu Bolladóttur er við vorum saman í skóla er ég var 14 og 15 ára. Síðan hefi ég ekkert séð Erlu." Yfirlauk kl. 21,05.

*H. V. Þóður. Vottur: Guðrún J. Guðm. Upplesið staðfest,
Sigurbj. V. E. Ivar Hannesson.*

27.5.1977, kl. 21.10, er mættur til skýrslutöku, Þórarinn Gunnar Reynisson skrifstofum. f. 12.2.1954, tilh. Suðurgötu 25, Sandgerði sími 92-7621. Nafnnr. 9418-8423.

Mætti veit tilefni skýrslutökunnar og áminntur um vitna-skyldu og sannsögli, skýrir mætti svo frá:


"Ég var í afmæli Kristínar Jóhannesdóttur tilh. Grenilundi 8, Garðabæ. Þar hitti ég tengdaföður minn, Guðmund S. Jónsson. Hann talaði um, að koma í heimsókn til okkar hjónanna, en við vorum parna ný flutt til Sandgerðis.

Pessu var þó ekki slegið neitt föstu og um miðnættið, eða nokkru fyrr, fórum við hjónin heim. Morguninn eftir, eða um kl. 08.30, kom tengdafaðir minn á verkstæðið þar sem ég vinn og spurði um leiðina heim til okkar, en við bjuggum þá á Þróddsstöðum, sem er sveitabæð norðan Sandgerðis.


Ég sagði honum leiðina heim til okkar, en fór ekki út úr húsinu. Ég man, að það var myrkur og ég sá aldrei bifreiðina, sem tengdafaðir minn var á.

Ég vissi, að hann átti rauða Skodabifreið og ég vissi einnig, að pessi bifreið hafði verið í einhverju bilirífi, en hvort það var á þessum tíma, veit ég ekki. Hann var parna á dýpkunarskipinu Gretti og skipið var í Grindavík vðð dýpkun og ég man, að hann hafði talað um, einhverntíma er ég hitti hann áður, að hann færi stundum á milli með vinnufélögum. Vinnufélaga hans þekkti ég ekki.


Ég er viss ~~um~~ um, að tengdafaðir minn, stoppaði mjögstatt heima hjá Pálínu, enda sagði hún með það er ég kom heim í mat." Yfirlauk kl. 21.20.

Vottur:


Sigurbj. Viðir Eggertsson
lögreglum.

Upplesið staðfest.


Þórarinn Reynisson.

Ivar Hannesson
Lögreglum.


lo-6-1977 er mættur í máli þessu sem vitni, Ingvar Georg Engilbertsson, tilh. Skúlaskedði 3 Hafnarfirði, sími 51854, 2. vélstj. á Vörðunesi Gk-45 Grindavík. Hægt að koma skilabóum í gegnum síma 92-8163 hjá Sverri Vilbergseyni, skipstjóra. F.23-11-1954. N.Nr. 476-5048.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar. Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

Eg byrjaði að vinna á dýpkunarskipinu Gretti í Grindavík, annaðhvort seinnihluta ágúst mánaðar eða í september 1974. Allavega var það ekki fyrr en eftir Verzlunarmannahelgina og þá unnu þar með mér þeir, Guðmundur Jónsson og Sigurvin Hannibalason, en þeir voru byrjaðir á undan mér.

Mig minnir að það hafi verið í mai, ~~19~~ en það var árið 1974, sem eg keypti bílinn R-22570 Moskvitch árgerð 1966 af Jónasi bróðir mínum. Bíllinn var alveg hvítur og eg breytti ekki um lit á honum, en eg losaði mig svo við hann um áramótin 1974 og 1975. Man ekki hvorumegin við áramótin það var. Það var svo um vorið 1975 sem bílnum var hent á öskuhægana í Grindavík og það er eflaust búið að moka yfir hann, því það var búið að kveikja í honum. Eg á hinsvegar ábyggilega mynd af bílnum og gæti verið litmynd. Ef eg finn mynd af bílnum, skal eg láta lögregluna í Grindavík hafa hana til að koma henni hingað.

Eg man eftir því að eg lánaði Guðmundi Jónssyni, vinnufélaga mínum bílinn einhverntíman um haustið 1974, en bíllinn var aldrei á V númeri, en í hvaða tilefni eg lánaði honum bílinn, eða hvert hann fór á honum, veit eg ekki. Það getur verið að eg hafi lánað Guðmundi bílinn oftar en einusinni þarna um haustið, þó að eg muni það ekki. Eg man ekki hvort eg lánaði Guðmundi bílinn þann 19.eða 20.nóvember 1974.

Ingvar Engilbertsson

Eg minnist þess ekki að Guðmundur hafi talað við mig um hvert hann hafi farið á bílnum, eða að hann hafi talað um að hann hafi einhverntíman tekið upp stúlkum í bílinn í Keflavík og sleppt henni út við Grindavíkurafleggjarann.

Það var einhverntíman s.l. veturnar að eg var að vinna með syni Guðmundar og þá fór hann eitthvað að tala um að pabbi sinn teldi að hann hefði ekjöld eitthvað með stúlkuna í Geirfinnsmálínu, í mínum bíl.

Eg var skráður á Ölduna RE-327 en ekki á Grettinum, en það er skipið sem notað var til að draga pramman.

Eg get ekki fundið út hvort eg hef sjálfur verið með bílinn þann 19.eða 20.nóvember 1974.

Upplesið, játað rétt. Ingvar Engilbertsson.

N.Snæhólm.

Ingvar Engilbertsson

13-6-1977. Í dag hringdi eg í lögskráninguna
eg fékk þar að vita að Ingvar Georg Engilbertsson, sem hér
um ræðir, hefði verið skráður á Ölduna RE-327, þann 2.október
1974, og að Aldan hefði þá verið notuð í sambandi við
dýpkunarskipið Grettir.

N. Snæhólm.

REYKJAVÍK
HAGSTOFAN ÍSLANDS
FÖR HÖND PÅ ÖSKRÁRINNAR
REYKJAVÍK
1889

1327

FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Kristin Jóhannesdóttir
er fædd(ur) 19. nóvember. 1889 skirð(ur) 21. nóvember. 1889
Fæðingarstaður Birnistaðir Djúpafjörði
Foreldrar Jóhannes Jónsson
og Bjarnýr Þorlífssdóttir

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók Pjööskrá.

Gjald kr.
Greitt:	

Reykjavík, 27. maí 1977

Hagstofa Íslands fyrir hönd Pjööskrárinnar.



Reykjavík, 16. ágúst 1977

Hér með sendist Rannsóknarlöggreglu ríkisins endurrit af dómsyfirheyrslu, sem fram hefur farið yfir Hinrik Jóni Þórissyni, Heiðarbæ 9, Reykjavík. Er þess beiðst, að ræki-leg rannsókn fari fram á því, er fram kom við yfirheyrsluna og reynt eftir föngum að staðreyna, hvort það hafi við rök að styðjast er Hinrik Jón segir. Verði eftirtalin atriði rannsókuð sérstaklega:

1. Erla Bolladóttir og Helga Gísladóttir verði yfir-heyrðar um það, er Hinrik Jón skýrir frá.

2. Reynt verði að hafa upp á dívani þeim, er Hinrik Jón greinir frá og var að Hamarsbraut 11, er Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski voru þar.

3. Albert Klahn verði yfirheyrður út af ferð Hinriks Jóns að Hamarsbraut 11 um mánaðarmótin janúar-febrúar 1974, er Hinrik Jóni var meinað að koma þar inn.

4. Rannsakað verði hvað varð af úri því frá Sævari Marinó, er Hinrik Jón kveðst hafa látið mann að nafni Ingiberg fá í pant og reynt að ganga úr skugga um, hvort úr þetta geti verið úr eigu Guðmundar Einarssonar eða Geirfinns Einarssonar.

Rannsókn þessari óskast hraðað svo sem föng eru á.

Gunnlaugur Briem

Rannsóknarlöggregla ríkisins

Borgartúni 7
Reykjavík

Miðvikudaginn 17. ágúst 1977 er mætt í skrifstofu rannsóknar-lögreglu ríkisins Helga Gísladóttir starfsstúlka hjá Félagsmálá-stofnun Reykjavíkurborgar, til heimilis að Laugavegi 84 hér í borg fædd 11. 5. 1955 í Hafnarfirði, nmr. 3901-4149.

Helga er mætt sem vitni í máli þessu og henni er kunnug vitna-skyldan. Eins er henni kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er framburður Hinriks Jóns Þórissonar fyrir sakadómi í gær og hefur Helgu verið kynnt það í framburði Hinriks Jóns, sem hana varðar.

Helga skýrir frá eftirfarandi: Það er rétt, sem Hinrik Jón segir varðandi það, að ég hafi farið með honum heim til Erlu Bolla-dóttur að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Ekki get ég með nokkru móti munað hvaða mánaðardag, eða ár þetta var, en það var á virkum degi. Eftir því, sem ég best man, þá höfðum við Hinrik Jón og Erla verið að skemmta okkur í samkomuhúsini Röðli og fórum þaðan beint heim til Erlu í Hafnarfirði. Ég var tölувert mikið undir áhrifum á-fengis og man því fremur óljóst eftir atvikum. T. d. vil ég taka það fram, að ég mundi alls ekki eftir þessari heimsókn til Erlu fyrr en Hinrik Jón minnti mig á hana og var það á s. l. hausti. Hitt er annað, að ég er algjörlega viss um, að ég fór ~~xxxxxx~~ í þessa heimsókn. Heima hjá Erlu drukkum við eitthvað, sem alla-vega var ekki venjulegt áfengi. Ég er alls ekki frá því, að það hafi verið eitthvað annað en áfengi. Við ~~xx~~ Hinrik Jón gistum svo hjá Erlu um nóttina og man ég ljóslega, að við sváfum undir kápu eða einhverju slíku á stofugólfínú í íbúð Erlu. Ekki man ég hvað gerðist daginn eftir, en vafalaust hef ég þá farið hingað til borg-arinnar.


Ekki man ég eftir neinum blóðblettum í íbúð Erlu, en þeir geta vel hafa verið þar, þó ég muni ekki eftir þeim, eða hafi ekki tekið eftir þeim. Ekki man ég heldur eftir neinum pokum undan "hassi" eða öðru, sem soðnir hafi verið, en vel gæti drykkurinn, sem við drukkum hjá Erlu, hafa verið soð af slíkum pokum, þó x ég geti ekki um það sagt. Ekki man ég mikið eftir húsgögnum í íbúð Erlu, en ég man þó eftir legubekk(dívani) af venjulegri gerð í herbergi inn af stofunni og þar var einnig einhver eindunara-dostaða.


Hvað sertir það í framburði Hinriks Jóns, þar sem hann segir Erlu hafa sagt: Hvernig finnst ykkur að drekka mannsblóð, þá vil ég segja það, að mig rámar í, að Erla hafi haft eitthvað slíkt við orð. Þó vil ég ekkert um þetta fullyrða, því eftir þessu mundi ég heldur ekki fyrr en Hinrik Jón fór að tala við mig um það. Aftur


tel ég mig muna það greinilega, að okkur Hinrik Jóni bauð við að drekka þann drykk, sem við drukkum þarna heima hjá Erlu og áttum í töluverðum erfiðleikum með að fá okkur til að drekka þetta, en gerðum það samt. Þessi drykkur var, að ég best man, heitur og við blönduðum hann með einhverju köldu, að ég held áfengi. Áhrifin af þessum drykk voru sviþuð því, er maður reykir h "hass", eða svo minnir mig.

Eg vil taka það fram, að á þeim tíma, sem þetta gerðist, þá var ég æði oft undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og þess vegna á ég mjög örðugt með að tímasetja nokkurn hlut, eða skýra nákvæmlega frá atvikum.

Upplesið, staðfest:

Vottur: 
Sigurbjörn V. Eggertsson.


Helga Gísladóttir


Eggert N. Bjarnason
lögreglum.

Fimmtudaginn 18. ágúst 1977 kl. 10:20 er mætt í skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins Erla Bolladóttir húsmóðir til heimilis að Hólmgarði 26 hér í borg sími 81693, fædd 19. 07. 1955 í Rvk. Nnr. 2147-0929.

Erla er mætt sem vitni í máli þessu og segir sér kunnugt um vitnaskylduna og henni hefur verið gerð ljós ástæðan fyrir yfirheyrlunni, það er framburður Hinriks Jóns Þórissonar frá í fyrra-dag fyrir Sakadómi Reykjavíkur.

Mætta skýrir frá eftirfarandi: Mér hefur hér verið tjáð, að Hinrik Jón segist hafa í byrjun árs 1974 búið heima hjá mér að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði um hálsmánaðarskeið í mínu boði. Að þeim tíma á Sævar Marinó að hafa setið í fangelsi. Það er alrangt hjá Hinriki Jóni, að hann hafi búið heima hjá mér, en hitt er rétt, að hann gisti heima hjá mér nött og nött á þeim tíma, sem um ræðir. Að ég hafi verið taugaveikluð, það er rétt hjá Hinriki Jóni og væntanlega hefur ástæðan verið sú, að mér var illa við að vera ein. Ekki man ég til þess, að nein sérstök óreiða hafi verið í íbúðinni, eða að Hinrik Jón hafi tekið þar til.

Hvað snertir blöðbletti, sem Hinrik Jón segist hafa séð í gólfteppinu í svefnherberginu, þá man ég ekki eftir að hafa tekið eftir þeim. Aftur á móti þá hitti égxjá Hinrik Jón einhvern tímamann á fyrrihluta árs 1976 og fór hann þá að tala um þessa blöðbletti við mig. Mig rámaði þá í, að hann hefði á sínum tíma, það er snemma árs 1974, er hann var af og til heima hjá mér, talað við mig um blöðbletti í svefnherberginu, en ég hugsaði ekkert nánar um það þá. Í því sambandi vil ég benda á það, að það var aldrei neinn renningur á gólfteppinu í íbúðinni að Hamarsbraut 11, en teppi var á dívaninum í svefnherberginu. Ekki man ég eftir neinum blöðblettum á dívaninum og er reyndar nokkuð viss um, að þar voru engir blöðblettir.


Dívaninn í svefnherberginu var mín eign. Þetta var gamall dívan, hálfónýtur því undir hann vantaði fæturna og spýtukubbar notaðir í staðinn. Þegar ég flutti af Hamarsbraut 11 að Álfheimum 40, þá flutti ég dívaninn með mér. Eins flutti ég hann með mér, er ég flutti úr Álfheimunum að Hjallaveg 31. Þar var dívaninn svo, þegar ég fór til Kaupmannahafnar í byrjun desember 1974. Sævar Marinó var þá eftir hér heima og kom öllum okkar eignum í geymslu eða annað og veit ég ekki hvað þá varð af dívaninum, því ég hef ekki séð hann síðan. Ég hef heldur ekkert spurt Sævar Marinó um dívaninn.


Þar sem Hinrik Jón segir í framburði sínum, að hann hafi komið í íbúðina að Hamarsbraut 11 með Helgu Gísladóttur og þau hafi drukkið þar seyði af umbúðum utan af "hassi", þá er það ekki allskostar rétt. Eftir því, sem ég best man, þá var þetta pannig, að ég hitti Hinrik Jón og mann, sem heitir Einar Björgvin, að degi til í veitingahúsi hér í borginni og bauð ég þeim með mér heim á Hamarsbraut. Einar Björgvin var, að mig minnir, þá á bát frá Grindavík og stóð ekki lengi við. Hann fekk sér, að mig minnir leigubifreið heiman frá mér til Grindavíkur. Hinrik Jón dvaldi aftur á móti hjá mér áfram og nöttina á eftir. Hann talaði þá mikið um það, að Sævar Marinó, sem þá var í fangelsi, hliti að eiga geymdu mikla peninga eða "hass" falið í íbúðinni og leitaði um allt. Ekki fann ~~hann~~ hann þó annað, en umbúðir utan af "hassi" og voru það strigagrisjur. Aðra fann hann í kækiskápnum, en hina, að mig minnir á botni ferðatösku. Þessar grisjur sauð hann svo í vatni og drakk seyðið. Ég held ábyggilega, að þá hafi Einar Björgvin verið farinn. Nöttina eftir þetta, þá gysti Hinrik Jón hjá mér, og man ég ekki til þess, að þá hafi nokkur annar verið gestkomandi hjá mér. Það var svo í öðru tilfíki um svipað leiti, sem Hinrik Jón, Helga Gísladóttir, Albert Klahn og Jón, sem kallaður er "kelling", voru gestkomandi hjá mér. Ég hitti þetta fólk á skemmtistað hér í borginni og bauð því heim. Það mun svo flest eða allt hafa dvalið í íbúðinni hjá mér um nöttina og fram á morgunn. Þá var haft áfengi um hönd, en ekkert "hasste" drukkið.

I sambandi við umbúðirnar, þá voru í þeim blettir rauðleitir, því í þeim hafði verið svokallað "rautt Líbanonhass". ~~Erla~~
Blettirnir voru, að ég best veit, olífa, sem runnið hafði úr "hassinu".


Ég vil taka það fram, að ég man ekki til þess, að hafa nokkurn tímann sagt við Hinrik Jón eða nokkurn annan, að blettirnir í umbúðunum utan af "hassinu", væru blóðblettir, hvað þá, að það blóð væri úr Guðmundi Einarssyni.

Yfirheyrslu lauk kl. 11:55.

Jottur:

Sigurður V. Eggertsson.


Eggert N. Bjarnason
löggreglum.

Upplesið, staðfest:


Erla Bolladóttir

Fimmtudagur 18. 08. 1977. Í dag fór ég undirritaður, ásamt Dóru Hlín Ingólfssdóttur rannsóknarlöggreglumanni að Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd. Tilgangur fararinnar var að hafa þar tal af Sigurði Geirfinnssyni og spyrja hann um armbandsúr, er Geirfinnur mun hafa verið með, er hann hvarf. Aður, þ. e. í gær, talaði ég við Guðnýju Sigurðardóttur móður Sigurðar og veitti hún fúslega samþykki sitt til þess að rætt yrði við son hennar um þetta atriði. Hún sagði, að Sigurður myndi muna betur hvernig úrið hefði litið út, en hún sjálf. ~~Guðný~~

Sigurður er fæddur þann 13. 08. 1964 og er til heimilis að Höalbraut 10 í Keflavík. Hann tjáði okkur, að hann myndi nokkuð vel eftir armbandsúri því, er Geirfinnur notaði um það leiti, sem hann hvarf. Sigurður sagði úrið hafa verið gamalt og kassinn hringlaga, Ekki var það sjálftrekt og ekki tölustafir á skífunni. Ekki vildi Sigurður neitt f fullyrða um litinn á úrkassanum eða skífunni. Ekki mundir Sigurður heldur af hvaða tegund úrið var, eða hvernig eða hvort sekúnduvísir var á því. Dagatal sagði Sigurður, að ekki hefði verið á úrinu. Sigurður sagði, að á úrinu hefði verið breið, svört leðuról og á henni nokkuð stórar málmbólur, silfurlitaðar.


Eggert N. Bjarnason
lögreglum.

Laugardagur 20. 08. 1977. Í gær, föstudag, fór ég undirritaður ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni til Patreksfjarðar. Þar ræddum við við Ingibert Sigurðsson svo sem skýrsla se, er við tókum þar af honum ber með sér.

Ekki kemur fram í skýrslunni hvar skiptin á armbandsúrunum fóru fram, hvort einhver var viðstaddir, eða hvort Ingibergur gæti tilgreint nokkurn, þó sem gæti borið um fyrra úrið í fórum Sævars Marinóss. Eftir skýrslutökuna inntum við Ingiberg eftir þessum atriðum. Hann sagði, að skiptin á úrunum hafi farið fram heima hjá þeim Árna Matthíassyni og Sigríði Gísladóttur, en þau hafi þá búið í íbúð þeirri í Kópavogi, sem Erla Bolladóttir og Sævar Marinó síðar bjuggu í. Ekki kvaðst Ingibergur viss um, að þau Árni og Sigríður hefðu vitað af eða fylgst með skiptunum, en það hefði aftur á móti Erla gert. Hún hefði verið stödd hjá Árna og Sigríði, er þetta gerðist og fylgst með því, sem fram fór.

Ekki kvaðst Ingibergur muna eftir nokkrum, sem borið gæti um það hvort og/eða hversu lengi Sævar Marinó hefði verið með úrið í sínum fórum.

Við höfðum meðferðis til Patreksfjarðar skriflega beiðni til sýsluyfirvalda þar um að láta Ingiberg staðfesta framburð sinn fyrir dómi. Ekki reyndist það mögulegt með við dvooldum á Patreksfirði, því sýslumaðurinn og fulltrúi hans voru báðir staddir í Flatey á Breiðafirði og ekki væntanlegir til baka fyrr en um hádegi n. k. mánudag. Að höfðu samráði við Gunnlaug Briem sakadómara, skildum við beiðnina eftir í vorslu Péturs Sveinssonar ~~þing~~ lögreglumanns á staðnum, svo og afrit af skýrslu Eingibers. Einnig skrifaði ég niður þau þrjú atriði, sem hér hafa verið nefnd, en ekki eru í skýrslu Ingibergs, og kvaðst Pétur myndi byja þann, er tæki Ingiberg fyrir dóm að inna hann eftir þessum atriðum sérstaklega.


E. N. Bjarnason
lögreglum.

20. ágúst 1977 kl. 03:50 er mættur hjá rannsóknarlöggreglu ríkisins í lögreglustöðinni á Patreksfirði Ingibergur Sigurðsson sjómaður til heimilis í prestbústaðnum á Bíldudal (lögheimili að Mariubakka 26 Rvk.), fæddur ~~23~~ 21. sept. 1954 í Rvk., nnr. 4580-1756.

Ingibergur er mættur sem vitni í máli þessu og honum hefur verið gerð kunn vitnaskyldan, svo og tilefni yfirheyrlunnar, en það er framburður Hinriks Jóns Þórissonar fyrir Sakadómi Reykjavíkur. Þar segir Hinrik Jón, að hann hafi látið mætta hafa armbandsúr, en fengið í staðinn riflega andvirði einnar áfengisflösku. Þetta segir Hinrik Jón að hafi átt séð stað seint á árinu 1975, en gæti þó hafa verið á árinu 1974. Þetta úr segist Hinrik Jón hafa fengið hjá Sævari Marinó Ciesielksi.

Mætti skýrir frá eftirfarandi: Það er ekki rétt, sem Hinrik Jón segir, að hann hafi látið mig hafa armbandsúr, en ég lánað honum peninga í staðinn. Aftur á móti fekk ég armbandsúr hjá Sævari Marinó sem tryggingu á greiðslu á peningum, sem ég lánaði honum. Mig minnir, að ég hafi lánað Sævari Marinó um kr. 2.000,00. Þessi viðskipti fóru fram vorið 1975 og marka ég það af því, að ég fór til Danmerkur í september 1974, en kom ekki hingað til lands aftur fyrr en í maí 1975. Ég var ekki með úrið í Danmörku, svo það var eftir að ég kom þaðan, sem ég fekk úrið hjá Sævari Marinó. Þessi viðskipti okkar fóru fram í söluturninum, sem er rétt ofan við veitingahúsið Naust við Vesturgötu í Reykjavík. Eftir því, sem ég best man, þá var Hinrik Jón viðstaddir, en það var ekki hann, sem ég létt hafa peningana. Þetta sama ár, það er 1975, í júní, fór ég hingað vestur á firði og kom ekki til Reykjavíkur fyrr en um verslunarheigina næstu á eftir. Þá hitti ég Sævar Marinó og vildi hann nú endilega fá úrið aftur, en bauð mér annað í staðinn. Ég afhenti honum því úrið frá um vorið, en tók við hinu, enda greiddi Sævar Marinó mér ekki skuldina. Þegar ég tók við fyrra úrinu, þá var það að degi til og fremur kalt í veðri, en bjart.

Úrið, sem ég fekk í fyrra sinnið, var stálúr í hringlaga kassa með ljósri (hvítri) skífu. Ekki man ég hvort tölustafir voru á skífunni, eða aðeins strik í þeirra stað. Úrið var ekki sjálftrekkjandi og virtist nokkuð gamalt. Að því var breið leður ól svört að lit og á henni stállitar málmbólur, eða nánast gaddar, þó sléttir að ofan. Mér er þetta sérstaklega minnisstætt, því þetta eyðilagði alltaf skyrtuermar mínar að framan. Ólin var töluvert breiðari en sjálfst úrið og kom undir það og utan við. Ólinni var svo fest saman með tveim mjóum ólum. Ekki man ég fyrir víst hversu margar málmbólurnar


voru, en mig minnir, að þær hafi verið fjórar hvoru megin við úrið. Sævar Marinó gaf mér þá skýringu á þessu úri, að það hefði áður verið í eigu Skúla Thoroddsen læknis, en ekki gaf Sævar Marinó frekari skýringu á því hvernig hann hefði fengið það. Æg hitti Sævar Marinó í Danmörku í desember 1974 og var hann þá örugglega með petta úr á sér. Hvort ég sá hann með petta úr áður en ég fór til Danmerkur í september 1974, það vil ég ekki fullyrða um, en mig minnir það frekar. Ekki man ég tegundarheiti á úrinu, en mig minnir, að það hafi verið af einhverri algengri tegund.

Armbandsúrið, sem ég fekk svo hjá Sævari Marinó um verslunar-mannahelgina, var allt öðru vísni. Kassinn utan um það var gulllit-aður og það ~~xx~~ var af einhverri sjaldgæfri tegund, reyndar gat ég ekki lesið á því tegundarheitið. Mig minnir, að skífan hafi verið gulllituð frekar en hvít, og líttill eða enginn gljái á kassanum, sem var ferhyrndur. Ólin á því var breið, úr leðri og brún að lit, og í hana ~~xxxx~~ brennt eða skorið mynstur, eins og algengt er á leðurvarningi frá Spáni. Æg fór með petta úr með mér vestur á firði og þar glataði ég því. Festingin á ólinni við sjálft úrið bilaði og hætti að ganga með það og keymdi það í káetunni á bátnum, sem ég þá var á. Paðan hvarf það svo, en ekki veit ég hvernig. Æg var þá m/b Sölva Bjarnasyni frá Tálknafirði.


Æg þekki Sævar Marinó, þó ekki meir en það, að við töluðumst ~~xx~~ við, er við hittumst.

Yfirheyrslu lauk kl. 04:55.

Vottur:


Sigurður J. V. Eggertsson.

Upplesið, staðfest:


Ingibergur Sigurðsson


Eggert N. Bjarnason
lögreglum.

Mánudaginn 22.ágúst 1977 fór undirritaður að Lambhól við Starhaga hér í borg. Tilgangur fararinnar var að athuga hvort þar væri að finna dívan, sem tilheyrði búslöð Erlu Bolladóttur og Sævars Marino Ciecielski er þau bjuggu að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Sævar Marino hefur sjálfur sagt undirrituðum að hann hafi flutt dívaninn ásamt annari búslöð að Lambhól þegar Rafn Guðmundsson bjó þar, en Rafn býr nú í Svíþjóð. Þegar undirritaður kom að Lambhól var þar fyrir svörum núverandi húsráðandi Þóra Gunnarsdóttir sími 24365.

Hún síndi undirrituðum báðar geymslurnar sem tilheyra íbúðinni og var tölувert dót í þeim báðum. Undirritaður athugaði allt dót í báðum geymslunum og er þess fullviss að dívaninn sem Sævar lýsir er þar ekki.

Íðspurð sagði Þóra Gunnarsdóttir undirrituðum það að sá sem bjó næst á eftir Rafni Guðmundssyni í íbúðinni heiti Ólafur Stphensen og vinni hjá Landsímanum, og hugsanlegt sé að hann muni hvort að umræddur dívan hafi verið í annari hvorri geymslunni þegar hann flutti að Lambhól.



Högni Einarsson
rannsóknarlöggreglum.

Mánudagur 22. 08. 1977. Sævar Marinó Ciesielski hefur af Högna Einarssyni rannsóknarlöggreglumanni verið spurður um dívan þann, sem á sínum tíma var í íbúðinni að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Sævar Marinó kvað það rétt vera, sem Erla Bolladóttir segir í skýrslu sinni, að hann hafi flutt dívaninn í húsið Lambhól við Starhaga hér í borg. Aftur á móti telur Sævar Marinó, að þaðan hafi Erla flutt dívaninn á dvalarstað sinn við Grundarstíg og hann jafnvel aðstoðað Erlu við fluttninginn. Erla hefur tjáð mér undirrituðum, að hún hafi ekki flutt dívaninn frá Lambhóli og því ekkert vita hvað af honum varð. Hún sagði, að dívaninn, sem hún notaði í húsinu við Grundarstíg, hafi verið þar fyrir, er hún kom þangað, Hún hafi látið mala hurð ofan á dívaninn og þar á ofan sampaðinu. Allt hafi þetta dót verið til staðar í húsinu við Grundarstíg, er hún flutti í það.

Sá, er tók dót Erlu til geymslu að Lambhóli, heitir Rafn Guðmundsson og mun nú dveljast í Svíþjöld. Reynt hefur verið undanfarna daga að ná sambandi við fólk það, sem nú hefur með að gera húsnæði það, sem dótið var geymt í, en án árangurs. Eftir því sem næst hefur verið komist eru húsráðendur ekki í borginni í augnablikinu.

Þá hefur Sævar Marinó talað um, að Hinrik Jón Pórísson hafi verið með fleira en eitt armbandsúr, sem hann hafi notað sem einskonar gjaldmiðil. Telur Sævar Marinó, að ekki hafi úr þessi verið vel fengin. Ekki vissi Sævar Marinó um annan, sem hefði fengið hjá Hinrik Jóni, en mann að nafni Pórður Bjarnason. Samkvæmt upplýsingum fíkniefnadeildar löggreglunnar, er Pórður talinn til heimilis að Bergþórugötu 14 hér í borg. Aftur á móti mun hann nú dveljast í Noregi, en vera væntanlegur hingað til lands um næstu mánaðarmót. Þá taldi Sævar Marinó, að annar maður, sem heima ætti í húsi við Hjarðarhaga, hefði einnig fengið úr hjá Hinrik Jóni, en ekki kunni Sævar Marinó frekari deili á þeim manni.



Eggert N. Bjarnason
löggreglum.

Mánudagur 22. 08. 1977. Fengið hefur verið að láni hjá úrsmið ármbandsúr, sem er sömu tegundar og það, sem Guðmundur Einarsson var með, er hann hvarf. Úr þetta er í gulllituðum kassa með stólitri skífu. Kassinn er ferhyrndur og tegundin er Pierpoint. Að skífunni eru engir tölvustafir, heldur strik í þeirra stað. Úrið er sjálf-tektt. Að því er brún leðuröl með götum og töluvert snjáð.

Foreldrum Guðmundar Einarssonar hefur verið sýnt þetta úr og bar þeim saman um, að það sjálft væri alveg eins og úr sonar þeirra, nema hvað ekki var á því leðuröl, heldur teygjanlegt málmfesti, gulllituð. Þá taldi móðir Guðmundar hugsanlegt, að á úri hans hefðu verið stafirnir 12, 3, 6, og 9 á skífunni, en ekki var hún við um það.

E.N.Bjarnason
Eggert N. Bjarnason
lögreglum.

Priðjudaginn 23.8.1977 fór undirritaður í Fangelsið að Síðumúla 28 hér í borg. Tilgangur fararinnar var að spyrja Sævar Marino Ciecielski gæslufanga sem þar dvelur, um skifti á úrum sem fram hefðu átt að fara á heimili Sigriðar Gísladóttur og Árna Matthiassonar að Pverbrekku 4 Kópavogi. Sævar hafði eftirfarandi um þetta aðsegja: Eg man eftir því að við Erla vorum stödd á heimili þeirra Sigriðar og Árna og þar voru einnig Hinrik Jón Þórisson og maður að nafni Ingibergur, sem ég veit að er sjómaður og býr hjá móðir sinni í Kóngsbakka í Breiðholti. Eg veit að Ingibergur hefur verið á bát frá Tálknafirði. Eg man eftir því að Hinrik Jón og Ingibergur voru með úr sem þeir voru að hugsa um að skifta á.

Úrið sem Hinrik Jón var með, var með gulllitri festi og úrið sjálft var einnig gulllitað, en ég veit ekki hvaða tegund það var.

Þó held ég eginlega heldur að það hafi ekki verið um úraskifti að ræða hjá þeim Hinrik og Ingibergi, heldur hafi Ingibergur lánað Hinrik kr. 3000,00 og tekið úrið í pant.

Síðast þegar ég vissi var úrið heima hjá móðir Ingibergs uppi í Breiðholti. Eg get ekki sagt um hvenær þetta skeði.


Aðspurður um það hvort hann hafi átt úr á þessum tíma sagði Sævar að hann hafi haft undir höndum úr sem hann stal ásamt fleirum úr húsi við Aragötu hér í borg, en Eggert Bjarnason rlm, hafi tekið af sér í desember 1975 þegar hann var handtekinn.

Annað úr kveðst hann ekki hafa haft undir höndum á þessum tíma.



Hogni Einarsson
rannsóknarlöggreglum.

Miðvikudaginn 24.ágúst 1977 hafði undirritaður símasamband við Olaf Stephensen er hann var staddur í Borgarnesi. Olafur vinnur hjá Landsíma Íslands við að mála möstur og ferðast því um landið og kemur sjaldan til Reykjavíkur. Undirritaður spurði Olaf að því, hvernig umhorfs hafi verið í geymslunum sem tilheyrðu íbúðinni að Lambhól þegar hann flutti þangað. Olafur sagði að önnur geymslan hefði verið tóm, en í hinni hafi verið dót sem Rafn Guðmundsson hafi átt. Aðspurður um það hvort hann myndi eftir divani í annarihvori geymslunni, sagði Olafur að hann myntist þess ekki að hafa séð neinn dívan í hvorugri geymslunni.



Högnar Einarsson
rannsóknarlöggreglum.

Priðjudaginn 23. 08. 1977 kl. 14:45 er mætt í skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins sem vitni í máli þessu, Erla Bolla-dóttir húsmóðir, til heimilis að Hólmgarði 26 hér í borg sími 81693, fædd 19. 07. 1955 í Rvk., nnr. 24 2147-0929.

Mættu er kunnungt um vitnaskylduna og tilefni yfirheyrs-unnar, en það er armbandsúraeign Sævars Marinóς Ciesielski og hvað hann hafi gert við úr þau, sem hann kunni að hafa haft undir höndum, og hvernig hann hafi fengið þau.

Hún skýrir frá eftirfarandi: Æg man ekki fyrir víst eftir því, að Sævar Marinó hafi átt eða haft undir höndum armbandsúr fyrr en á þeim tíma, sem við bjuggum að Alfheimum 40 hér í borg. Þar bjuggum við á tímabilinu frá því í marz til í ágúst 1974. Þá var Sævar Marinó með karlmannsarmbandsúr, sem virtist vera nokkuð gamalt. Ekki vil ég fullyrða hvernig ól eða keðja var á því. Þetta var ~~xxxxxx~~ úr í flötum, fremur þunnum hringlaga kassa, stállituðum. Skífan var ljós eða hvít og í stað tölustafa á henni voru mjóð strik. Vísarnir voru einnig mjóðir og sekúndúvísirinn mjög mjóðr og n'aði frá miðri skífunni út að brún. Ekki man ég af hvaða tegund þetta úr var. Þetta úr sagði Sævar Marinó mér, að hann hefði fengið í ~~x~~ innbroti í hús einhvers prófessors. Þetta úr var sjálftrekt, í það minnsta sagði Sævar Marinó mér það og ég sá hann hrísta það eins og stundum er gert við slík úr, en aldrei sá ég hann trekkja það upp á venjulegan hátt. Ekki man ég til þess, að ég hafi handleikið þetta úr svo ég get ekki nánar um það sagt.

Annað armbandsúr var Sævar með og var það í gulllituðum kassa. Hvar hann fekk það, það vissi ég aldrei.. Það úr var langtum grófgerðara, en hitt og þykkara. Ekki voru heldur á skífu þess tölustafir, heldur upphleypt strik í þeirra stað. Skífan var ljósleit. Vísarnir voru breiðari, en á hinu úrinu, og ekki man ég hvort nokkur sekúnduvísir var á því. Tegundarheiti á úrinu man ég ekki, eða hvernig ólin á því leit út. Aldrei sagði Sævar mér hvar eða hvernig hann hefði komist yfir þetta úr.


Mér hefur hér verið skýrt frá því, að Ingibergur Sigurðsson hafi skýrt frá því, að hann hefði vorið 1975 fengið hjá Sævari armbandsúr, sem hann lýsir á svipaðan hátt og ég fyrra úrinu hér á undan. Æg man eftir því, að Ingibergur fekk úr hjá Sævari og tel ég það hafa verið þetta úr. Hitt er aftur á móti ekki rétt hjá Ingibergi, að ~~x~~ þessi úraviðskipti þeirra

hafi farið fram í sölurni við Vesturgötu vorið 1975. Þau fóru fram heima hjá Kristjáni Viðari Viðarssyni ~~me~~ við Grettisgötu og var Kristján Viðar viðstaddir, auk Hinriks Jóns Þórissonar. Ingibergur lánaði Sævari eitthvað af peningum gegn því, að Sævar lét hann hafa úrið sem tryggingu. Allavega held ég, að þarna hafi verið um að ræða sama úrið og Sævar hafði sagt mér, að hann hefði stolið úr prófessorsbústaðnum. Hitt er þó hugsanlegt, að þarna hafi verið um þriðja úrið að ræða, sem ég hafi ekki vitað um. Sævar var ekki alltaf að segja mér frá sínum gerðum eða ferðum. Þegar Ingibergur fekk úrið í hendur, þá var á því breið, svört leðuról með stórum tökkum, eða göddum, í það minnsta man ég ekki betur. Ég man fyrir víst, að einhvern tíma-ann hafði Sævar undir höndum armbandsúr með þannig útlítandi ól, en hvar hann fekk þá ól, það veit ég ekki og veit reyndar ekki hvort úrið með breiðu ólinni og úrið úr prófessorsbústaðnum var eitt og sama úrið. Ég er aftur á móti viss um, að Ingibergur fekk úr hjá Sævari og Sævar fekk peninga í staðinn. ~~Það~~

Eftir að það átti sér stað, fórum við Sævar til Kaupmannahafnar og var það í desember 1974. Í Kaupmannahöfn hittum við Ingiberg og man ég, að hann og Sævar tölzuðu um úrið. Ingibergur var þá ekki með það, heldur sagði það vera hjá móður sinni, sem þá bjó við Kóngsbakka hér í borginni.. Einhvern tímann síðar, eftir að við vorum öll komin hingað heim, þá skiptu þeir Sævar og Ingibergur á úrum og fekk Ingibergur þá, held ég, það gulllitaða. Hvar eða hvenær þau skipti áttu sér stað, það man ég ekki. Vel má það hafa verið í íbúðinni við Þverbrekku í Kópavogi, sem Arni Matthíasson og Sigríður Gísladóttir höfðu þá á leigu. Hvað svo kann að hafa orðið af úri því, sem hér er fyrr talað um, það get ég ekki sagt um.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:50.


Eggert N. Bjarnason
lögreglum.

Upplesið, staðfest:

Erla Bolladóttir

Miðvikudaginn 24. ágúst 1977 kl. 12:30 hafði undirritaður símasamband við Árna Matthiasson til heimilis að Meistaravöllum 23, Rvík., f. 31/1 1957, nafnnr: 0529-1828, en hann var þá staddur á Siglufirði.

Tilefni samtalsins var, að fram hefur komið, að Sævar Marinó og Ingibergur Sigurðsson, hafi skipt á úrum heima hjá Árn, að Þverbrekku 4, Kópavogi, haustið 1975.

Árni sagðist muna eftir því að Sævar og Ingibergur hefðu skiptst á úrum heima hjá honum að Þverbrekku 4, Kópavogi og hefði það verið í byrjun ágúst mánaðar 1975. Sagðist Árni hafa verið stýrimaður á bát frá Vestmannaeyjum sumarið 1975 og hefði hann komið til Reykjavíkur daginn fyrir þjóðhátið í Vestmannaeyjum. Hefði þetta átt sér stað nokkrum dögum eftir að hann kom frá Vestmannaeyjum.

Árni sagði að Ingibergur hefði komið í heimsók til hans og unnstu hans Sigríðar Gísladóttur að Þverbrekku 4, Kópav. og nokkru eftir að Ingibergur hefði komið, hefði Sævar einnig komið í heimsók. Sævar hefði farið að tala um það við Ingiberg að þeir hefðu skipti á úrum og hefði það orðið úr að þeir skiptu.

a

Árni sagðist vera nokkuð viss um að úr það sem Sævar hefði verið með væri af tegundinni Pierpont, gullúr með dagatali og á skífunni hefðu verið tölustfirnir 12-3-6-9. Ekki sagðist Árni hafa veitt því athygli hvernig ór hefði verið á úrinu. Þá sagðist Árni ekki muna hvernig úr Ingibergur hefði verið með, nema hvað það hefði verið gamalt.

Árni sagðist muna, að hann og Ingibergur hefðu spurt Sævar að því hversvegna hann vildi skipta á úri og hefði hann svarað einhverju fáranlegu, svo sem að hann væri orðinn leiður á úrinu.

Árni sagði að unnusta sín Sigríður Gísladóttir hefði ekki séð er úra skiptin fóru fram, þar sem hún hefði þá verið inn í herbergi, en sagðist hann hafa talað við hana um þetta og myndi hún eftir því, þegar Sævar og Ingibergur hefðu komið í heimsók til þeirra. Árni sagði að þeir sem hefðu verið viðstaddir þegar úraskiptin fóru fram hefðu verið hann, Ingibergur og Sævar.

Árni sagðist kom til Reykjavíkur mánudaginn 29. ágúst og þá gefa fyllri skýrslu um þetta atvik.

Sigurbj. V. Eggertss.
Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

Reykjavík 1. sept. 1977.

Miðvikudaginn 31. ágúst hafði undirritáður, ásamt Ívari Hannessyni rannsóknarlöggreglumanni, tal af Ellert B. Skúlasyni til heimilis að Grunfarvegi 21, Y- Njarðvík, s. 92-1880, f. 9/10 1935, nafn nr: 2072-0158. Tilefni samtalsins var að spyrja Ellert að því hvort hann gæti gefið upplýsingar um það hvernig úr Geirfinnur Einarsson hefði verið með, áður en hann hvarf frá Keflavík.


Ellert sagðist ekki geta gefið neinar upplýsingar um úr Geirfinns, þar sem hann myndi ekki eftir því hvernig úr hann hefði verið með.

Ellert hringdi nokkru seinna til Ívars Hannessonar og skýrði honum frá því, að þegar hann hefði farið að hugsa petta frekar og talað umm það við eiginkonu sína Elíni Guðnadóttúr, þá hefðu þau farið að fletta ljósmyndum, sem teknar hefðu verið í áramótasamkvæmi, sem Ellert kvaðst hafa haldið um áramótin 1973- 1974. Þar hefðu þau fundið tvær ljósmyndir af Geirfinni Einarssyni og væri hægt að sjá úrið á annari myndinni og arbandsólinu á úrinu á hinni myndinni.

I dag, þ.e. 1/9 1977 fór undirritáður ásamt Ívari Hannessyni rannsóknarlöggreglumanni til Keflavíkur, þar sem við ræddum við eiginkonu Ellerts, Elínu Guðnadóttir, f. 25/3 1938, nafn nr: 1956-1151.

Elín afhenti okkur tvær ljósmyndir af Geirfinni Einarssyni og fleirum. Sagði hún myndir þessar hafa verið teknar í áramótasamkvæmi, sem haldið hefði verið að heimili hennar um áramótin 1973-1974. Elín sagðist vera búinn að leita að fylmumum, án árangurs, en kvaðst halda leitinni áfram þg hafa samband við undirritaðan, ef hún fýndi þær. Elíni sagðist ekki geta lýsti úr Geirfinns, þar sem hún vissi ekki hvernir úr hann hefði verið með, nema það sem fram kæmi á ljósmyndunum.

Ljósmyndirnar fylgja skýrslu þessari.



Sigurbj. V. Eggertsson
lögreglum.

Miðvikudaginn 17. ágúst 1977 er mættur í skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins Albert Klahn Skaftason lyftarastjóri, til heimilis að Laugavegi 46 A hér f borg sími 24113, fæddur 16. 2. 1955 f Rvk., nnr. 0190-7182.

Albert Klahn er mættur ~~xxxxxxxxxx~~ í máli þessu og honum er kunnug ~~xxxxxxxxxxxxxx~~ ástæðan fyrir fyrirheyrlunni, en hún er vitnisburður Hinriks Jóns Þórissonar í sakadómi frá í gær.

Mér hefur hér verið kynnt það í framburði Hinriks Jóns, að hann hafi farið í bifreið (hugsanlega jeppabifreið) til Hafnarfjárðar heim til þeirra Erlu Bolladóttur og Sævars Marinóðs að Hamarsbraut 11 nálægt mánaðarmótum janúar og febrúar 1974. Í bifreiðinni eiga að hafa verið auk okkar Hinriks Jóns, þeir Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinóð. Einhver tregða á að hafa verið á því, að Hinrik Jón ~~xx~~ fengi að fara með í þessa ökuefrð og begar í Hafnarfjörð kom, þá hafi honum verið meiguð innganga í húsið Hamarsbraut 11. Meira segja hafi Kristján Viðar þá hótað Hinrik Jóni, að kasta honum fyrir hamra, ef hann kámi sér ekki í burtu. Eg man alls ekki eftir þessu atviki, en þó vil ég ekki rengja frásögn Hinriks Jóns. Petta gæti hafa átt sér stað, þótt svo ég muni ekki eftir því. Hitt er annað, að það er með öllu útilokað, að ég hafi ekið jeppabifreið til Hafnarfjárðar, því slíkri bifreið hef ég aldrei ekið hér í borginni eða nágrenni hennar.

Aftur á móti man ég eftir einu tilviki, þar sem bæði ég og Hinrik Jón vorum staddir heima hjá Erlu að Hamarsbraut 11. Ekki vil ég fullyrða hvenær það var, en ekki er ósennilegt, að það hafi verið í febrúar 1974, því mig minnir, að á þeim tíma hafi Sævar Marinóð setið í fangelsi. Auk okkar Hinriks Jóns voru þarna í fbúðinni Erla sjálf, Helga Gísladóttir og Kristján Viðar, Ekki man ég eftir öðrum. Petta var um nótt, ég held um helgi og vorum við öll að koma af skemmtistað hér í borginni. Þá voru soðnir pokar utan af "hassi", sem geymdir höfðu verið í kæliskáp í fbúðinni og drukkum við öll seyðið af þeim. Á pokunum voru einhverjur dökkir blettir, sem ég taldi hafa verið "hassolíu", en gætu allt eins hafa verið eitthvað annað. Mig minnir, að við höfum svo öll verið þarna fram undir morgunn, annars man ég það ekki glöggt. Ekki man ég til þess, að Erla eða einhver annar hefði orð á ~~xxxxxxxx~~ blöði í sambandi við þessa drykkju, en síðar, það mun hafa verið á sumarið 1976, þá sagði Hinrik Jón mér, að

1347

Kristján Viðar hefði spurt hann að því hvernig honum bragðaðist blóðteið. Um sannleiksgildi þessa orða Hinriks Jóns get ég ekki borið.

Vottur:

Sigurður J. V. Eggertsson.

Upplesið, staðfest:

Albert Klahn Skaptason
Albert Klahn Skaptason

Eggert N. Bjarnason

löggreglum.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS TÆKNIDEILD	1348 SKÝRSLA	RLR mál nr. RKS mál nr.	Skjal nr.	Bls. nr.
Dagsetn. staður stund Reykjavík 8. september 1977.		Nr. lagt fram í sakadómi		
Skýrsluna vann: Ragnar Vignir, aðst. yfirlögrþj.				
Rannsókn annaðist Sami.				

Efni:


Eftirtökur tveggja lit-
ljósmynda og athugun á
þeim.

Föstudaginn 2. september 1977 kom Gunnlaugur Briem, sakadómari í tæknideildina með tvær litljósmyndir, stærð 9 x 9 cm. og óskaði eftir því að undirritaður tæki myndir af þeim og stækkaði nokkuð og að ég skýrði síðan í skýrslu hvað sæist á myndunum.

Eftirtökur hafa nú verið gerðar eftir myndunum og fylgja skýrslu þessari í tíu eintökum, myndirnar hef ég merkt með bókstöfunum A og B og eru þær þannig upplímdar tvær í hverri myndmöppu.

A mynd A, sjást tveir menn sitjandi í stofu ásamt stúlku. Maðurinn í miðið er Geirfinnur Einarsson og eru háðar ofangreindar ljósmyndir teknar á heimili vinnuveitanda hans Ellerts Skúlasonar á gamlárvkvöld 1973. Maður sem situr við hlið Geirfinns er að sýna honum í bók sem Geirfinnur heldur í með hægri hendi, Geirfinnur er með armbandsúr um vinstra úlnlið er það hringлага úr með ljósri skýfu og í stálkassa, armband úrsins er dökkt leðurarmband, breiðara en úrið á þeim kafla sem ofan á úlnliðnum er þrjár stálbólur sjást í köntum leðurarmbandsins.

A mynd B, sjást tveir menn sitjandi í stofunni og á þann þriðja (Geirfinn) sést í jaðri myndarinnar, vinstri framhandleggur hans sést að mestu og á úlnliði hans sést leðurarmbandið og hvernig það mjókkar undir úlnliðnum, þrjár stálbólur sjást hvoru megin á breiðari hluta armbandsins. Sjálft úrið sést ekki á þessari mynd.



Ragnar Vignir, aðst. yfirlögrþj.

1349

RLR nr.	Skjal nr.	Bls. nr.
RKS nr.		
Nr. lagt fram í sakadómi		
.....		



RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
TÆKNIDEILD

Eftirtökur af tveimur litljósmyndum, sem teknar
voru á heimili Ellerts Skúlasonar Ytri-Njarðvík
á Gamlárskvöld 1973.

Dags. 8. september 1977.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Egertur Þorláksson".

1349-9



1349-13

B



1350


27.9.1977.

I dag óskaði Gunnlaugur Briem sakadómari og dómsformaður í Guðmundar og Geirfinnsmálum, eftir aðstoð rannsóknarlöggreglu ríkisins við frekari rannsókn vegna armbandsúrs, sem hann afhenti. Rannsóknin er gerð vegna ummæla Sævars Marinós Ciesielskis fyrir dómi þann 13.9.s.l.en þar greinir Sævar frá armbandsúri, sem hann segist hafa tekið í innbroti hjá Jóni Steffensen og að umrætt úr, hafi Eggert Bjarnason rannsóknarlöggreglumaður tekið af honum í fangelsinu við Síðumúla í janúar 1976.


Gunnlaugur hafði fengið umrætt armbandsúr hjá Eggerti, en úrið er af teg. NIVADA, stálúr hringlaga með hvítri skífu og strik eru á skífunni í stað tölustafa. Á úrinu er dagatal og úrið er sjálftrekkt. Númer á bakhlið 7199M2107.

Engin festi er á úrinu, en festisendar á báðum eyrum kassans. Ljóssrit af fram-og bakhlið úrsins fylgja hér með. (Smá brestur er í "glasinu" yfir striki, sem táknaðar eru 4.)

Undirrituðum, ásamt Sigurbirni Viði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum. var falið að kanna þetta nánar.



Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.



Sigurbj. Viðir Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.

27.9.1977.


I dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum. í Úra og skartgripaverzl. Carl Bergmann Skólavörðustíg 5 Reykjavík.

Við höfðum meðferðis umrætt armbandsúr. Úrsmiðurinn Carl A. Bergmann f. 16.11.1926, nafnnr. 5481-7436, tilh. Skriðustekk 6 Reykjavík sími 74499 v.s. 18611 skoðaði armbandsúrið og opnaði það.

Hann greindi okkur frá því, að innan í lok úrkassans væru skráð tvö viðgerðarnúmer, B 5694 og B 67102.

Carl greindi okkur frá því, að allir úrsmiðir hefðu viðgerðarnúmer og að númer það, sem þarna væri, hefði Magnús E. Baldvinsson úrsm. á Laugavegi 8, Reykjavík.


Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.


Sigurbj. Víði Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.

27.9.1977.

Í dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum. á Aragötu 3, Reykjavík. Við ræddum þar við þrófessor Jón Steffensen f.15.2.1905, nafnnr. 5190-0820 og sýndum honum jafnframt umrætt armbandsúr.

Jón aftók með öllu, að úr þetta væri úr innbrotum þeim, sem framin voru á heimili hans.

Jón sagðist aldrei hafa séð umrætt armbandsúr og sagðist geta fullyrt, að ~~álfikt~~ úr, hefði aldrei verið til á hans heimili og að sjálfur ætti hann vasaúr og hefði átt slík úr alla sína æfi. Hann gat þess, að úrið, sem hvarf af heimili hans, hefði verið lítið ferkantað gullúr, sem hefði verið í festi til þess gerðri, að hengja um háls.

Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.

Sigurbj. Viðir Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.

27.9.1977.

I dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Vfði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum til Keflavíkur. Við ræddum þar við Guðnýju Sigurðardóttur f. 19.12.1948, nafnnr. 3174-7279 og son hennar Sigurð Jóhann Geirfinnsson f. 13.8.1964, bæði tilh. Hólabraut 10 Keflavík sími 92-3157.

Við sýndum þeim umrætt armbandsút.

Guðný sagði okkur, að úrið væri mjög líkt úri því, sem Geirfinnur hefði verið með er hann fór að heiman kvöldið 19. nóv. 1974 og tók þannig til orða "að þetta gæti vel verið úr Geirfinns". Hún sagðist muna eftir að smá brestur hefði verið í "glasí" á úri, sem Geirfinnur hefði átt, en sagðist þó ekki geta fullyrt, hvort það var á úrinu, sem hann var með.

Guðný sagði okkur, að Geirfinnur hefði átt tvö armbandsút og hefði annað verið gyllt, en það hefði bilað og hefði hann þá eignast stálúrið, sem hún væri búin að segja frá.

Guðný afhenti okkur gyllta armbandsúrið, en það er með ljósri skífu, tegund, AERONA DE LUXE. Ekkert númer er skráð á bakhlið.

Hún sagði okkur, að sonur hennar Sigurður hefði fengið úrið og látið gera við það og m.a. þá látið skipta um "glas" á úrinu, en það hefði bilað fljótt aftur og væri nú bilað.

Guðný sagðist ekki muna eftir neinu ábyrgðarskírteini, né muna hvar stálur Geirfinns hefði verið keypt, eða hvenær, en hún sagðist vera örugg á því, að úrið hefði verið með ljósri skífu, með dagatali, en ekki muna hvernig skífan hefði verið, né muna hvort úrið hefði verið sjálftrekkt. Hún sagðist muna eftir því, að Geirfinnur hefði talað um, að óþægilegt væri að komast að trekkjara úrsins, vegna leðurólarinnar.

Við spurðum Guðnýju eftir því, hvort hún myndi eftir einhverjum viðgerðum á úrum Geirfinns. Ekki sagðist hún muna eftir slíku, en taldi, að hefði verið um að ræða bilanir á úrum hans, þá hefðu þær viðgerðir farið fram í Keflavík, en þessu sagðist hún þó ekki geta slegið föstu.

Sigurður Jóhann sagði, að úrið væri mjög líkt úri föður síns, en þorði þó ekki að fullyrða neitt í því sambandi.

Hann sagðist aðspurður ekki muna hvernig skífan hefði verið merkt, en hélt sig ráma í, að á skífunni hefðu verið

1354
1354

stafirnir, 3, 6, 9, 12, og strik í stað talna á milli. Hann sagðist
þó ekki þora að fullyrða neitt um petta.

Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.
Ivar Hannesson.

Sigurbj. Viðir Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.
Sigurbj. Viðir Eggertsson.

27.9.1977.

I dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum. í Úraverzl. Magnúsar E. Baldvinssonar á Laugavegi 8, Reykjavík. Við höfðum meðferðis umrætt armbands-úr. Við ræddum þarna við Björn Agústsson úrsmið nafnnr. 1315-4082 v.s. 22804. Björn staðfesti, að umrædd viðgarðarnúmer væru frá verzl. Magnúsar E. Baldvinssonar.

Hann greindi okkur frá því, að viðgerðarnúmerin væru hvergi skráð í bækur, heldur einungis innan í lok kassanna.

Merkingin væri þannig, að fyrst kæmi bókstafurinn B, en síðan væri fyrsta tala tilheyrandi þeim mánuði, sem viðgerðin færi fram, næstu tvær tölur væru síðustu tölur í ártalinu og síðan kæmu tölur, sem segðu til um það, sem gert hefði verið við úrið.

Hann tilgreindi síðan, að B 5694 táknaði, að gert hefði verið við úrið hjá Magnúsi E. Baldvinssyni í maímánuði 1969 og talan 4 táknaði, að skipt hefði verið um "glas" á úrinu, en að B 67102 táknaði, að gert hefði verið við úrið í júnímánuði 1971 og talan 0 táknaði að úrið hefði verið hreinsað og talan 2 táknaði, að frekkjari hefði verið lagfærður.

Björn leitaði eftir sölumerkingu og dagsetningu, sem hann sagði okkur, að skráð væri æfinlega á bakhlið úra, sem seld væru, en í ljós kom, að merking sú er útmáð.

Hann sagði okkur, að slík merking færi þannig fram, að úrsmiðir rispuðu stafi sína með skrúfjárn, en slík merking væri grunn og væri venjulega horfin eftir nokkur ár, en þetta væri gert einkum með tilliti til ábyrgðar.

Pá greindi hann okkur frá því, að gefin væru út ábyrgðarskírteini með öllum úrum frá þeim og að nöfn kaupenda væru skráð í bækur verzunarinnar, söladagur, tegund úrs og hvort um væri að ræða stál-eða gyllt úr og hvort úrin væru sjálf-trekkt. Þá greindi hann okkur frá því, að Magnús E. Baldvinsson væri innflytjaldi allra úra af NIVADA gerð. Þá greindi hann okkur frá því, að kassanúmer úranna, væru hin sömu á fjölda úra sömu gerðar. Í því sambandi sagði Björn okkur, að þótt eigandi væri við að einhverju úri, gætu þeir ekki staðfest annað, en að sá hefði átt úr, úr tiltekinni sendingu, sömu tegundar og þar væru tilgreind.

Björn sagði okkur, að Magnú E. Baldvinsson hefði verið með verzlun í Keflavík fram á mitt ár 1968, en þá selt verzl. Georg Hannah úrsmið. Björn ætlaði, að fara í gegn um bókhald verzl. og reyna að finna ábyrgðarbæður og sagðist hann láta okkur vita, ef eitthvað væri þar að finna.

Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson

29.9.1977.

I gärdag var haft samband við Björn Ágústsson úrsmið nafnnr. 1315-4082. Björn sagði, að ekkert markvert hefði komið í leitirnar, en í fyrrakvöld (27.9.1977) leitaði Björn í bókhaldi verzl. Grétar Sæmundsson rannsóknarlöggreglum. var með Birni við þá leit.

Björn óskaði eftir því í gær, að hann fengi aðstoð við frekari leit. Undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum. aðstoðaði Björn. Við leituðum í bókhaldsgögnum, sem geymd eru í kjallara verzl. Leit sú bar ekki árangur.

Þá leituðum við í skrifstofu húsnæði verzl. sem er í bakhúsi við verzl. einnig án árangurs.

Við leitina í fyrrakvöld, kom í leitirnar ábyrgðarbók frá 15.5.1959 til 19.5.1970. Bók þessi er úr verzl. í Reykjavík. Ekkert fannst athugavert við lesningu bókarinnar.

Abyrgðarbókin úr verzl. í Keflavík er ekki finnanleg, en Björn greindi okkur frá því, að er verzl. hefði flutt af Laugavegi 12 og í húsnæðið á Laugavegi 8, hefði mjög mikið af gömlu bókhaldi og pappírum, verið eyðilegt.

Sá flutningur hefði farið fram í nóvember 1975.

Undirritaður hafði samband við Georg Hannah úrsm. í Keflavík f. 26.9.1945, nafnnr. 2568-6195, tilh. Baugholti 20, Keflavík sími 92-1557 v.s. (heimasími 92-2727) Georg sagðist hafa keypt verzl. af Magnúsi E. Baldvinssyni 16.5.1968.

Hann sagðist hafa keypt lagerinn og þá verið með eitthvað af NIVADA úrum, en síðan verið með lítið af þeirri tegund.

Georg sagðist hafa sent Magnúsi alla pappíra og önnur gögn og hefði ábyrgðarbókin örugglega verið þar með, allavega hefði hann ekki séð þá bók, síðan hann hóf rekstur verzl.

Georg sagðist ekki hafa bekkt Geirfinn Einarsson, né vitað hver hann var. Þá upplýsti Georg einnig, að á s.l. ári hefði rannsóknarlöggreglan í Reykjavík óskað eftir því, að hann kannaði í sínu bókhaldi og ábyrgðarbók, hvort Geirfinnur Einarsson, eða hans nánustu, hefðu keypt armbandsúr. Þetta sagðist hann þá hafa gert og hefði svo ekki verið. Georg sagðist merkja sínar viðgerðir með bókstöfunum GH.

Björn Ágústsson úrsm. greindi okkur frá því, að eigandi

1358

verzl. Magnús E. Baldvinsson væri veikur núna, en hann sagðist ætla að ræða þetta við Magnús.


I dag var aftur haft samband við Björn Agústsson. Björn sagðist hafa rætt þessi mál við Magnús, en Magnús mindi ekki eftir umræddri bók úr Keflavík.

Pá sagðist Björn hafa leitað bókarinnar heima hjá Magnúsi, en án árangurs.

Björn upplýsti einnig, að nokkurt magn NIVADA armbandsúra, hefði verið selt til úrsmiða hér í Reykjavík og einnig eitthvað út á land.




Ivar Hannesson
rannsóknarlöggreglum.
Ivar Hannesson.


Sigurbj. Viðir Eggertsson
rannsóknarlöggreglum.


1359




1360





29.9.1977.

Ljósrit tekið af eldra armbandsúri Geirfinns Einarssonar.



29.9.1977.

Ljósrit tekið af bakhlið eldra armbandsúrs Geirfinns Einarssonar.

30.9.1977.

I dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum til Keflavíkur. Erindið þangað var að hitta að máli Georg Hannah úrsmið f. 26.9.1945, nafnnr. 2568-6195, tilh. Baugholti 20 Keflavík sími 92-2727 og v.s. 92-1557.

Við höfðum meðferðis umratt NIVADA armbandsúr, sem við sýndum honum.

Georg skoðaði armbandsúrið og leitaði merkja á kassa þess, en án árangurs. Hann sagðist ekkert kannast við úr þetta og benti á, að samkvæmt viðgerðarnúmerum í loki úrkassans, hefði hann verið byrjaður með úraverzlun sína í Keflavík, en þá verzl. hefði hann keypt af Magnúsi E. Baldvinssyni í maí 1968. Georg sagðist áður hafa unnið hjá Magnúsi E. Baldvinssyni við úraviðgerðir í Reykjavík.

Georg benti okkur á, að eyru úrkassans á móts við strikin í skífunni, sem tákna tölurnar 5 og 7 væru greinilega bogin og slíkt kæmi ekki fyrir mema við mikið högg.

Þá sagðist hann telja, að umratt armbandsúr væri ca. 12-13 ára og sagðist þá miða við þær gerðir, sem þá hefðu verið á markaðnum.

Aðspurður um ábyrgðarbókina úr verzluninni þann tíma, sem Magnús E. Baldvinsson hefði rekið verzl. sagðist Georg vera fullviss um, að þá bók hefði hann sent Magnúsi við eigendaskiptin, enda hefði Magnús fengið send öll bókhaldsgögn og hefði bókin örugglega fylgt þar með.

Georg sagðist þóur hafa verið spurður um þessa bók og þá leitað hennar og einnig hefði hann verið spurður áður, hvort hann kynni að hafa selt Geirfinni Einarssyni armbandsúr, eða einhverjum úr hans fjölskyldu og hefði hann þá farið í gegn um sínar bækur, en ekki hefði neitt þar bent til, að svo hefði verið. Georg sagðist ekki hafa þekkt Geirfinn Einarsson, né vitað nein deili á honum.

Ivar Hannesson
Rannsóknarlöggreglum.

Sigurbj. Víðir Eggertsson
Rannsóknarlöggreglum.

Sigurbj. Víðir Eggertsson

30.9.1977.

I dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlöggreglum til Keflavíkur. Erindið þangað var að sækja ljósmynd til Guðnýjar Sigurðardóttur f. 19.12.1948, nafnnr. 3174-7279, tilh. Hólabraut 10, Keflavík sími 92-3157.

Guðný hafði greint frá því, að Georg Valentínusson tilh. á Kópaskeri, hefði sagt henni, að hjá honum væri til ljósmynd af Geirfinni Einarssyni, sem tekin væri í ágúst 1974 og að á þeirri ljósmynd mætti greinilega sjá armbandsúr það, sem Geirfinnur var með er hann fór að heiman þann 19. nóv. 1974.

Guðný fékk ljósmyndina senda í pósti í dag. Ljósmyndin er af Geirfinni, þar sem hann heldur á krukku milli handa og má sjá armbandsúr á v.háðlegg og greinilega má sjá, að leður ól með málmbólum er undir, úrinu, hvít skífa er á árinu og greinilega má sjá í skífunni, að á úrinu er dagatal.

Guðný sagðist hafa fengið senda filmu þessarar ljósmyndar og fleiri mynda, en hún hefði örugglega hent þeim filmum þegar hún flutti á Hólabrautina.

Við afhentum Gunnlaugi Briem sakadómara og dómsformanni, ljósmyndina og armbandsúrið.

Ivar Hannesson
rannsóknarlöggreglum.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson
rannsóknarlöggreglum.

Ivar Hannesson
Sigurbjörn Víðir Eggertsson